



## **Möguleikar smáríkis til áhrifa í alþjóðasamfélaginu**

Er Ísland frumkvöðull á sviði gilda og viðmiða?

Hafþór Reinhardsson

**Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði**

**Félagsvísindasvið**

**Júní 2016**

**Möguleikar smáríkis til áhrifa í alþjóðasamfélaginu**  
***Er Ísland frumkvöðull á sviði gilda og viðmiða?***

Hafþór Reinhardsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Baldur Þórhallsson

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2016

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Hafþór Reinhardsson 2016

2505922219

Reykjavík, Ísland 2016

## Útdráttur

Hefðbundnar nálganir í alþjóðasamskiptum leggja áherslu á og skilgreina völd og áhrif eftir efnislegum þáttum á borð við íbúafjölda, stærð herafla og hagkerfis. Út frá þessari nálgun eru fámenn og hernaðarlega veik ríki með lítinn heimamarkað eins og Ísland talin ófær um að hafa áhrif í alþjóðasamfélaginu. Smáríkjakenningar hafna hins vegar þessari þröngu sýn og halda því fram að óefnislegir þætti á borð við viðmið, sjálfsvitund og hugmyndir geti leitt til áhrifa í alþjóðakerfinu. Ef hugmyndir skipta ekki síður máli en hernaðarvald opnar það nýjar dyr fyrir smáriki. Í þessari ritgerð er byggt á hugmyndum Christine Ingebritsen um að Norðurlöndin séu frumkvöðlar gilda og viðmiða í alþjóðasamfélaginu og leitað svara við því hvort Ísland sé alþjóðlegur frumkvöðull á sviði jafnréttismála, mannréttinda hinsegin fólks og jarðhitánýtingar sem sjálfbærrar lausnar á orkuþörf mannkyns. Til að svara rannsóknarspurningunni var litið til stöðu þessara mála í utanríkisstefnu Íslands, í þróunaraðstoð Íslands og tvíhliða samskiptum við önnur ríki ásamt því að skoða framlag Íslands til þessara málaflokka innan helstu alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að. Þá er greint frá Jafnréttis- og Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem starfa hér á landi. Erfitt er að segja nákvæmlega til um hver áhrif Íslands eru en í ritgerðinni er sýnt fram á að Ísland sé frumkvöðull og fyrirmynd í jarðhitamálum og á ákveðnum sviðum jafnréttismála og byggi þar fyrst og fremst á innlendum árangri og þekkingu á þessum sviðum til að hafa áhrif á alþjóðlegum vettvangi. Þrátt fyrir að standa framarlega hvað málefni hinsegin fólks varðar virðast íslenskt stjórnvöld ekki nýta sér innlendan árangur til áhrifa líkt og þau gera á sviði kynjajafnréttis og jarðhitamála.

## **Formáli**

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til BA-gráðu í stjórnmálafræði við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Hún er metin til 12 ECTS eininga og var skrifuð vorið 2016 vegna útskriftar í júní 2016. Leiðbeinandi minn var Baldur Þórhallsson og stend ég í mikilli þakkarskuld við hann fyrir góða leiðsögn og ábendingar. Einnig vil ég þakka foreldrum mínum, þeim Reinhard Reynissyni og Maríu Kristjánsdóttur, og kærustu minni, Chanee Thianthong, fyrir að styðja mig í öllu því sem ég tek mér fyrir hendur. Föður mínum vil ég jafnframt þakka sérstaklega fyrir prófarkalestur. Þá vil ég þakka Kaupfélaginu fyrir samfylgdina síðastliðin þrjú er, en máttur þess er mikill.

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	1
Formáli .....	2
1 Inngangur.....	4
2 Kenningalegur grunnur.....	7
2.1 Viðmið og frumkvöðlar .....	7
2.2 Smárikjakenningar .....	11
2.3 Samantekt.....	14
3 Framlag Íslands til jafnréttismála á alþjóðavettvangi.....	16
3.1 Kynjajafnrétti .....	16
3.1.1 Jafnréttismál innan Sameinuðu þjóðanna .....	17
3.1.2 Jafnréttismál innan Atlantshafsbandalagsins og ályktun nr. 1325 .....	22
3.1.3 Hlutverk karla í jafnréttisbaráttunni.....	23
3.2 Málefni hinsegin fólks.....	25
3.3 Umræður og niðurstöður.....	28
4 Er Ísland frumkvöðull á sviði jarðhitánýtingar? .....	35
4.1 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna .....	37
4.2 Jarðhitasamstarf í Austur-Afríku og víðar .....	38
4.3 Umræður og niðurstöður.....	39
5 Lokaorð .....	42
6 Heimildaskrá .....	46

# 1 Inngangur

Rétt eins og sagnfræðingar fyrri tíma hafa verið gagnrýndir fyrir að einblína á stórmenni á borð við kónga og páfa og skeyta lítið um líf almúgans, má gagnrýna hefðbundnar nálganir í alþjóðastjórnámálum fyrir að einblína, oftar en ekki, á stórveldi á meðan hlutverki smárikja er gefinn lítill gaumur (Holbraad 1971, vitnað í Neumann og Carvalho 2015, 3). Efnislegu valdi stærri ríkja sem byggir m.a. á íbúafjölda, yfirráðasvæði, og hernaðar- og efnahagslegum styrk er skipað skör ofar en mjúku valdi sem felst í því að fá aðra til að vilja það sem þú vilt. Samkvæmt Nye sækir hið mjúka vald styrk sinn til huglægra þátta á borð við menningu, hugmyndafræði og orðspor (Nye 1990, 166-167). Hefðbundnar nálganir í alþjóðastjórnámálum vanmeta áhrif smærri ríkja á alþjóðasamfélagið. Endalok Kalda stríðsins opnuðu dyrnar fyrir gagnrýnni endurskoðun á valdi í alþjóðastjórnámálum og í kjölfarið hafa fræðimenn varpað ljósi á það hvernig ríki geta haft áhrif án þess að búa yfir mikilli hernaðar- eða efnahagslegri getu. Í stað þess að líta á alþjóðasamfélagið sem tvístrað og stjórnlaust hafa sumir fræðimenn beint sjónum að því hvernig alþjóðasamfélagið hefur félagsmótandi áhrif á ríki. Í þessu alþjóðlega samfélagi hafa mótast ákveðin viðmið og gildi, einskona reglur um hvað teljist ásættanleg hegðun, sem takmarka svigrúm ríkja á hinu alþjóðlega sviði. Ríki heims leggja ekki síður áherslu á orðspor sitt, sjálfsmynd og að tilheyra samfélagi þjóðanna en landvinninga, auð og völd (Ingebriksen 2002, 11-12).

Samkvæmt Christine Ingebriksen eru Norðurlöndin (Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð) öflugir frumkvöðlar viðmiða og gilda í alþjóðasamfélaginu. Þrátt fyrir smæð og skort á hefðbundnu valdi hafa þessi ríki sýnt að þau geti haft áhrif á alþjóðasamfélagið með ýmsum hætti. Árlega beinast augu heimsins að Noregi þegar handhafi Friðarverðlauna Nóbels er tilkynntur, Norðurlöndin leiða heiminn þegar kemur að baráttunni fyrir kynjajafnrétti, þau hafa staðið framarlega í umhverfismálum og verið leiðandi í að gera sjálfbæra þróun að grundvallarstefi í umhverfismálum um heim allan. Jafnframt eru Danmörk, Noregur og Svíþjóð í hópi þeirra ríkja sem leggja hlutfallslega mest til þróunaraðstoðar á heimsvísu (Ingebriksen 2002, Ingebriksen 2006, 3-4). Í umfjöllun Ingebriksen um Norðurlöndin ber áberandi minnst á afrekum Íslands í alþjóðasamfélaginu og því vert að spyrja sig hvort Ísland eigi heima í umfjöllun hennar um frumkvöðlana í norðri.

Þó svo að Ísland hafi gerst aðili að flestum þeim alþjóðastofnunum sem settar voru á fót í kjölfar Seinni heimstyrjaldarinnar gerðist Ísland, ólíkt hinum Norðurlöndunum, ekki virkur þátttakandi innan þeirra. Ekki urðu verulegar breytingar á þessu fyrr en undir lok 10. áratugar síðustu aldar en ákvörðun íslenskra stjórnvalda árið 1998 að sækjast eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna markaði ákveðin skil í utanríkismálum þjóðarinnar í átt til virkari stefnu (Baldur Thorhallsson 2009, 119-120). Greina má tvo málaflokka þar sem Ísland virðist standa

nokkuð framarlega. Þetta eru annars vegar jafnréttismál, bæði jafnrétti kynjanna og jafnrétti hinsegin fólks og hins vegar jarðhitamál. Í sjö ár í röð hefur Ísland hafnað í efsta sæti á lista Alþjóðaeftahagsráðsins yfir þau ríki heims sem standa sig best þegar kemur að jafnrétti kynjanna (Vísir 2015). Jafnframt var Íslands fyrsta þjóð í heimi til að kjósa sér kvenkyns þjóðhöfðingja og hefur lengi verið á meðal þeirra þjóða sem hafa hæst hlutfall kvenna á þingi (Inter-Parliamentary Union e.d.). Þá er það líklega einstakt í heiminum að fjórðungur þjóðarinnar taki þátt í gleðigöngu hinsegin fólks á hverju ári, en árið 2014 var talið að um 90 þúsund manns hefðu tekið þátt (RÚV 2014). Þá þykir það ekki síður merkilegt á heimsvísu að Ísland hafi haft fyrsta opinberlega samkynhneigða forsætisráðherra heims, Jóhönnu Sigurðardóttur (Jonas Moody 2009). Hvað nýtingu jarðhita varðar stendur Ísland framarlega á heimsvísu. 29% af raforku landsins er framleidd með jarðhita, sem er með því mesta í heiminum og 90% heimila eru hituð með jarðvarma (Ruggero Bertrani 2015,10). Þá hafa íslenskir aðilar komið að jarðhitaverkefnum í meira en 40 löndum víðsvegar um heiminn (Haraldur Guðmundsson 2013).

Megin rannsóknarspurning ritgerðarinnar er hvort Ísland sé frumkvöðull á sviði gilda og viðmiða (e. norm entrepreneur) í alþjóðasamfélaginu. Til að svara því er litið til þriggja málaflokka; jafnréttis kynjanna, mannréttinda hinsegin fólks og sjálfbærrar nýtingar jarðhita. Leitað verður svara við því hvort íslenskir ráðamenn, svo sem forseti, ráðherrar eða aðrir fulltrúar landsins, komi á framfæri ákveðnum gildum og viðmiðum í stefnumótandi ræðum og ritum, innan þeirra fjölþjóðastofnana sem Ísland á aðild að eða í samskiptum sínum við fulltrúa annarra ríkja. Jafnframt verður lagt mat á árangurinn af þessu starfi, þ.e. hvort Ísland hafi haft einhver merkjanleg áhrif í alþjóðasamfélaginu og hvort önnur ríki taki upp þau viðmið og gildi sem stjórnvöld boða og fylgi fordæmi Íslands.

Ritgerðin samanstendur af fimm köflum, inngangi og fjórum efnisköflum. Í öðrum kafla er kenningarlegur grunnur ritgerðarinnar kynntur. Þar er útskýrt hvað viðmið og gildi eru, hvernig þau verða til, hvernig þau breiðast út og verða loksins að rótgrónum hluta alþjóðasamfélagsins. Hugtakið mjúkt vald (e. soft power) er kynnt til sögunnar og skilgreint hvað felst í því að vera frumkvöðull á sviði viðmiða og gilda (e. norm entrepreneur) og hvernig smáríki geta náð árangri á því sviði. Fræðilegur rammi smáríkjakenninga er einnig kynntur. Farið er yfir hvernig skilgreina megji smáríki, bæði út frá efnislegum þáttum á borð við íbúafjölda, efnahag eða herstyrk og huglægum þáttum á borð við hugmyndir ráðamanna um alþjóðakerfið og getu síns ríkis til að hafa áhrif innan þess og upplifun bæði innlendra og erlendra aðila á styrk ríkis. Jafnframt eru veikleikar og takmarkanir smáríkja ræddir ásamt styrkleikum þeirra og þeim tækifærum sem þau hafa í alþjóðasamfélaginu.

Í þriðja kafla er gerð grein fyrir utanríkisstefnu íslenskra stjórnvalda þegar kemur að kynjajafnrétti og mannréttindum samkynhneigðra. Fjallað er um stefnumarkandi efni



stjórnvalda í málefnum kynjajafnréttis og réttindamálum samkynhneigðra og hinsegin fólks. Stuðst er við árlegar skýrslur utanríkisráðherra til Alþingis um stöðu alþjóðamála, aðrar skýrslur og rit ráðuneyta á þessu sviði ásamt ræðum íslenskra ráðamanna jafnt innanlands sem erlendis. Að lokum er fjallað um efni kaflans í samhengi við þær kenningar sem kynntar voru í kafla tvö. Leitað verður svara við því hvort íslensk stjórnvöld leggi sig fram við að vera frumkvöðlar í því að kynna og koma á nýjum viðmiðum og gildum í þessum málaflokkum og hver árangurinn er af því starfi.

Í fjórða kafla er fjallað um stöðu Íslands þegar kemur að málefnum sjálfbærrar nýtingar jarðvarma. Gert er grein fyrir áhuga annarra ríkja á reynslu Íslendinga af jarðhita, umsvifum íslenskra aðila á sviði jarðhita víðsvegar um heiminn og aðkomu íslenskra stjórnvalda að fjölþjóðlegu samstarfi í þágu jarðhitanytingar, sérstaklega samstarfsverkefni Íslands og Alþjóðabankans í Afríku. Jafnframt er fjallað um starf Jarðhitaháskóla Sameinuðu þjóðanna sem starfar hér á landi. Er skólinn vettvangur fyrir útbreiðslu íslenskra viðmiða og gilda og er staðsetning skólans hérlendis til marks um stöðu Íslands í málaflokknum?

Í fimmta kafla eru helstu atriði og niðurstöður ritgerðarinnar dregnar saman, hvaða lærdóm megi draga af niðurstöðum ritgerðarinnar og hvaða spurningum sé enn ósvarað.

## 2 Kenningalegur grunnur

Í þessum kafla er gerð grein fyrir þeim kenningum sem ritgerðin byggir á. Fyrst er fjallað ítarlega um hvað viðmið eru í samhengi alþjóðastjórn mála, hvernig þau þróast og hvaða atriði gera sum viðmið árangursríkari en önnur. Samhliða því er gert grein fyrir frumkvöðlum viðmiða, hverjir þeir eru, hvað drífur þá áfram og hvað einkennir farsæla frumkvöðla. Því næst eru smáríkjakenningum gerð skil, þeim fjölbreyttu sjónarmiðum sem komið hafa fram um hvernig skilgreina eigi smáríki, hvaða takmörk þeim eru sett og hvaða möguleika þau hafa til áhrifa. Því næst er hugtak Joseph Nye, *mjúkt vald* stuttlega útskýrt. Að lokum er fjallað stuttlega um hvernig Norðurlöndin hafa sýnt fram á það hvernig smá og valdalítill ríki geta haft áhrif með frumkvöðlastarfsemi á sviði gilda og viðmiða í alþjóðasamfélaginu.

### 2.1 Viðmið og frumkvöðlar

Víðtekin skilgreining á viðmiði (e. norm) er staðall viðeigandi hegðunar gerenda með ákveðna sjálfsvitund<sup>1</sup> (Finnemore og Sikkink 1998, 891). Greina má viðmið í mismunandi týpur eða flokka. Algengast er að gera greinarmun á stjórnandi viðmiðum (e. regulative norms) sem skipa fyrir og takmarka hegðun og undirstöðu viðmið (e. constitutive norms) sem skapa nýja gerendur, hagsmuni, eða hegðun. Einnig er til flokkur viðmiða sem nefna má mats- eða forskriftarviðmið (e. evaluative or prescriptive). Samkvæmt þeim Finnemore og Sikkink hefur þessi síðasti flokkur viðmiða hlotið minnsta athygli sem verður að teljast skrýtið í ljósi þess að það mat og/eða sú forskrift sem viðmið fela í sér, hvað sé viðeigandi, æskilegt og rétt, er það sem skilur þau frá annars konar reglum. Viðmið fela í sér ákveðinn skilning á því hvað sé viðeigandi eða æskilegt og byggir á samhuglægum (e. intersubjective) og matskenndum þáttum. Einstaklingar læra af samfélaginu hvað er viðeigandi. Þannig þekkjum við hegðun sem brýtur gegn viðmiðum af þeim neikvæðu viðbrögðum sem henni fylgja og hegðun sem er í samræmi við ríkjandi viðmið af jákvæðum viðbrögðum. Greina má viðmið sem eru rótgróin á því að þau vekja ekki upp nein viðbrögð vegna þess að þau þykja svo sjálfsgöð (Finnemore og Sikkink 1998, 892).

Vegna þess að viðmið fela í sér mat á því hvað sé viðeigandi og byggja á samhuglægum skilningi kalla þau á að hegðun sem brýtur í bága við viðurkennd viðmið sé réttlætt og útskýrð. Til dæmis segir útskýring Bandaríkjanna á því af hverju þau verði að halda áfram að nota jarðsprengjur í Suður-Kóreu okkur að þau viðurkenna hið rísandi viðmið gegn notkun á slíkum sprengjum. Ef ekki væri fyrir viðmiðið væri engin þörf á því að nefna, útskýra eða réttlæta notkun jarðsprengjanna (Finnemore og Sikkink 1998, 892). En hversu margir gerendur þurfa að deila sömu skoðun svo hægt sé að kalla það viðmið? Viðmið geta bæði

---

<sup>1</sup> „A standard of appropriate behavior for actors with a given identity.”

verið svæðisbundin og alþjóðleg og þau eru samfelld en ekki tvískipt, þau geta verið mis sterk og mis mikil sátt getur ríkt um mismunandi viðmið (Finnemore og Sikkink, 1998, 892).

Þó svo að þessi ritgerð fjalli um viðmið í alþjóðasamfélaginu er ekki hægt að líta fram hjá mikilvægi innlendra viðmiða. Mörg alþjóðleg viðmið byrja líf sitt sem innlend viðmið og verða alþjóðleg fyrir tilstuðlan frumkvöðla. Jafnframt hafa innlend viðmið áhrif á hvernig alþjóðleg viðmið eru túlkuð og hvernig þeim er fylgt heima fyrir (Finnemore og Sikkink 1998, 893). Í grein sinni, *Norm Dynamics and Political Change* setja Finnemore og Sikkink fram þriggja þrepa feril sem útskýrir þróun viðmiða. Fyrsta þrepið er tilurð viðmiðs, þar á eftir kemur víðtæk viðurkenning á viðmiðinu og loks innhverfing viðmiðsins (e. internalization). Fyrstu tvö þrepin eru aðskilin með þröskuldi eða vendipunkti þar sem nægilegur fjöldi áhrifamikilla ríkja tileinka sér viðmiðið. Mikilvægt er að hafa í huga að ferill viðmiða nær ekki alltaf lokastiginu. Sum viðmið ná einfaldlega ekki yfir vendipunktinn og hverfa af sjónarsviðinu á meðan önnur festast í sessi og verða hluti af hinu ráðandi kerfi sem ný viðmið spretta upp í andstöðu við (Finnemore og Sikkink 1998, 895).

Fyrsta þrepið, tilurð viðmiðs einkennist af frumkvöðlum sem reyna að sannfæra leiðandi ríki um að taka við nýjum viðmiðum með opnum örmum. Tvær þættir eru algengastir í farsælli sköpun nýrra viðmiða; frumkvöðlar og stofnanavettvangur fyrir frumkvöðla til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ný viðmið koma ekki úr lausu lofti heldur verða þau til fyrir tilstuðlan gerenda sem hafa sterkar skoðanir á hvað sé viðeigandi eða æskileg hegðun. Frumkvöðlar vekja athygli á viðfangsefninu og jafnvel búa það til með því að gefa hlutunum nafn, túlka þá og ýkja. Þeir smíða ramma utan um viðfangsefnið sem hafa áhrif á hvernig fólk skilur það og hvernig um það er talað. Ný viðmið verða þó ekki til í tómarúmi. Þau þurfa að sanna ágæti sitt í harðri samkeppni við önnur viðmið og ráðandi hagsmuni. Tilraunir til að koma nýjum viðmiðum á framfæri eiga sér stað í umhverfi þar sem fyrri viðmið skilgreina hvað sé viðeigandi og hvað ekki. Til að koma á nýju viðmiði, breyta því hvað telst viðeigandi, þurfa frumkvöðlar því oft að haga sér á óviðeigandi hátt. Kvenréttindakonur fjötruðu sig til dæmis við girðingar, fóru í hungurverkföll og neituðu að borga skatta til að vekja athygli á málstað sínum (Finnemore og Sikkink 1998, 896 - 897). Hvað drífur frumkvöðlana áfram er mismunandi eftir hverjum og einum og hvaða viðmiðum og gildum þeir eru að berjast fyrir en það er erfitt að útskýra drifkraft frumkvöðla án þess að taka tillit til samúðar, fórnfýsi og hugsjónar. Hugmyndafræðileg staðfesta er það sem drífur flesta frumkvöðla áfram, þeir raunverulega trúa á hugmyndirnar og gildin sem viðmiðin fela í sér jafnvel þó þau muni ekki bæta þeirra eigin velferð (Finnemore og Sikkink 1998, 898).

Til þess að koma viðmiðum og gildum á framfæri alþjóðlega þurfa frumkvöðlar einhverskonar svið til að koma fram á og vekja athygli. Stundum eru sviðin sérstaklega búin til í formi frjálsra félagasamtaka til að boða ákveðin gildi. Rauði krossinn, Amnesty

International og Grænfríðungar eru dæmi um slíkt. Oft nýta frumkvöðlar sér þó rótgrónar alþjóðlegar stofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar sem hafa víðtækara hlutverk en að boða ákveðin þröngt skilgreind viðmið og gildi. Stofnanir veita aðgang að upplýsingum og sérfræðipekkingu en ekki síður aðgang að mikilvægum áheyrendum, sérstaklega fjölmiðlum og valdhöfum (Finnemore og Sikkink 1998, 899-900).

Til að nýtt viðmið nái yfir þröskuldinn og yfir á næsta þrep þarf oftast að eiga sér stað stofnanavæðing (e. institutionalization) viðmiðsins þar sem það verður hluti af alþjóðlegum reglum og starfi alþjóðastofnana. Frá 1948 hefur það færst í aukana að ný viðmið séu stofnanavædd í formi alþjóðlegra laga, í reglum marghliða stofnana, og í tvíhliða samskiptum ríkja. Stofnanavæðing eykur líkurnar á útbreiðslu viðmiðsins með því að skilgreina hvað felst nákvæmlega í því, hvað flokkast sem brot á því og til hvaða aðgerða skal gripið gegn þeim sem brjóta viðmiðið. Stofnanavæðing er hins vegar ekki nauðsynleg forsenda fyrir útbreiðslu viðmiða heldur getur átt sér stað eftir að viðmiðið er byrjað að breiðast út. Kosningaréttur kvenna var til dæmis ekki stofnanavæddur fyrr en eftir að hann var orðinn nokkuð útbreiddur (Finnemore og Sikkink 1998, 900-901). Þegar frumkvöðlar hafa náð að sannfæra nokkurn fjölda ríkja um að taka upp ný viðmið og verða nokkurs konar leiðtogar má segja að viðmið hafi náð ákveðnum þröskuldi eða vendipunkti. Þó svo að hugmyndin um vendipunkta og útbreiðslu viðmiða sé studd sannfærandi rannsóknnum hafa fræðimenn ekki komist að niðurstöðu um af hverju það gerist né hvernig spá megi fyrir um það. Finnemore og Sikkink leggja til tvær tilgátur um hversu mörg ríki þurfi til að ná yfir þröskuldinn og hvenær og hvernig það gerist. Þar sem að ríki hafa mismunandi vigt þegar kemur að því að boða gildi og viðmið er ómögulegt að segja til um nákvæman fjölda ríkja sem þarf til að ýta ferlinu yfir þröskuldinn. Hins vegar sýna reynslurannsóknir að yfirleitt þurfi um þriðjungur allra ríkja í alþjóðakerfinu að taka upp viðmiðið til að koma ferlinu af stað. Þannig náði kosningaréttur kvenna yfir þröskuldinn um 1930 þegar 20 ríki, u.þ.b. þriðjungur allra ríkja á þeim tíma, höfðu leyft konum að kjósa. Í maí 1997 náði fjöldi ríkja sem studdi bann við jarðsprengjum 60, þá um þriðjungur allra ríkja heims. Eftir það átti sér stað hröð útbreiðsla og svo fór að 124 ríki skrifuðu undir Ottawa-samninginn um bann við notkun jarðsprengna í desember 1997 (Finnemore og Sikkink 1998, 901). Það er þó ekki bara fjöldinn sem ræður, heldur líka hvaða ríki taka upp ný viðmið. Sum ríki eru mikilvægari í þessu tilliti en önnur. Hvaða ríki eru mikilvæg fer eftir því hvers eðlis viðmiðið er, t.d. hvort það er á sviði umhverfisverndar eða varnarmála. Í tilfalli Ottawa-samningsins um bann við notkun jarðsprengna hefði land sem hvorki notaði né framleiddi jarðsprengjur tæplega geta talist mikilvægt fyrir samninginn. Aftur á móti er ekki ólíklegt að ákvörðun tveggja stórra ríkja, Frakklands og Bretlands sem bæði framleiddu jarðsprengjur, að styðja samninginn hafi haft áhrif á þá hröðu útbreiðslu sem átti sér stað í lok árs 1997. Ríki geta einnig verið mikilvæg í krafti siðferðilegrar stöðu (e. moral

stature) sinnar. Þannig hafði ákvörðun Suður Afríku, undir forystu Nelson Mandela, að styðja við Ottawa-samninginn mikil áhrif alþjóðlega og sérstaklega í Afríku. Þó svo að útbreiðsla viðmiða þurfi á stuðningi mikilvægra ríkja að halda er ekki nauðsynlegt að algjör samstaða ríki á meðal þeirra. Til dæmis neituðu Bandaríkin að styðja Ottawa-samninginn þrátt fyrir að hafa stutt bannið til að byrja með. Þrátt fyrir andstöðu þessa mjög svo mikilvæga ríkis varð samningurinn engu að síður að veruleika (Finnemore og Sikkink 1998, 901).

Annað þepið í þróun viðmiða er útbreiðsla viðmiðs, hvernig það kemst á skrið og nokkurskonar keðjuverkandi áhrif fara í gang. Það einkennist af einskonar félagsmótun þar sem leiðandi ríki reyna að fá önnur ríki til að herma eftir sér, fylgja viðmiðinu. Nokkrir þættir spila inn í og auðvelda þessa útbreiðslu; þrýstingur um samræmi og fylgispekt, löngun til að auka alþjóðlegt réttmæti, og löngun þjóðarleiðtoga til að efla sjálfsálit sitt. Á meðan fyrsta þepið einkennist af innlendum þrýstingi tekur annarskonar ferli við eftir að þröskuldinum hefur verið náð. Sífellet fleiri lönd byrja að tileinka sér viðmiðið, jafnvel án innlands þrýstings um breytingar. Einskonar alþjóðleg félagsmótun á sér stað þar sem leiðandi ríki reyna að hvetja önnur ríki til að fylgja viðmiðinu. Í alþjóðasamfélaginu felur þessi félagsmótun í sér diplómatiskt lof eða ámæli, ýmist tvíhliða eða marghliða, ásamt efnislegum refsiaðgerðum eða hvötum. Ríki eru aftur á móti ekki þau einu sem koma að félagsmótuninni. Frumkvöðlar og alþjóðleg félagasamtök gegna einnig mikilvægu hlutverki og þrýsta á aðgerðir til að uppfylla viðmið og fylgjast með því að þeim sé fylgt. Af hverju virkar þessi félagsmótun, hvað fær ríki sem eru andsnúin viðmiðinu til að fylgja því? Samkvæmt Finnemore og Sikkink hefur það með sjálfsvitund ríkja að gera og þá sérstaklega sjálfsvitund þeirra sem meðlima í alþjóðlegu samfélagi ríkja. Þegar þröskuldinum er náð, þegar nægur fjöldi mikilvægra ríkja styðja viðmiðið, á sér stað endurskilgreining á því hvað sé viðeigandi hegðun fyrir sjálfsvitundina „ríki“, eða einhvern undirflokk ríkja á borð við „frjálslynt ríki“ eða „evrópskt ríki.“ Þar sem leiðtogum er annt um sjálfsvitund ríkisins breyta þeir hegðun sinni svo hún sé í takt við nýju skilgreininguna. (Finnemore og Sikkink 1998, 902).

Lokastigið í þróun viðmiðs er innhverfing þess. Það felur í sér að almenn sátt skapast um viðmiðið og það öðlast stöðu sjálfsgæðs hlutar. Því er fylgt nánast hugsanalaust og engin þörf er á að rökræða ágæti þess. Af þessum sökum geta innhverf viðmið verið afar áhrifamikil, því enginn andmælir þeim, en á sama tíma illgreinanleg, því þau eru nánast aldrei til umræðu. Einmitt vegna þess hve almenn sátt ríkir um þessi viðmið koma þau lítið sem ekkert fyrir í pólitískri umræðu og þar af leiðandi eiga stjórnmálafræðingar það til að gefa þeim lítinn gaum. Þannig er kosningaréttur kvenna sjaldnast til umræðu (að afmælisárum á borð við síðastliðið ár undanskildum) í vestrænum löndum því hann þykir orðinn fullkomlega sjálfsgæður (Finnemore og Sikkink 1998, 904).

Ljóst er að sum viðmið hafa meira aðdráttarfl en önnur og eru líklegri til að verða að alþjóðlegum viðmiðum. En hverskonar viðmið eru það og undir hvaða kringumstæðum verða þau áhrifamikil? Samkvæmt Finnemore og Sikkink getur það stafað annars vegar af eiginleikum viðmiðsins eða af eiginleikum þeirra ríkja sem tala fyrir viðmiðinu. Viðmið ríkja sem almennt eru talin njóta velgengni og vera til fyrirmyndar eru þannig líklegri til að breiðast út og festast í sessi. Sú staðreynd að vestræn viðmið eru líklegri til að festast í sessi en önnur virðist styðja við þessa tilgátu. Þegar kemur að eiginleikum viðmiða má skipta þeim í tvennt. Annars vegar er um að ræða framsetningu viðmiðsins, hversu skýrt og hnitmiðað það er og hins vegar innihaldið, hvaða málefni um er að ræða. Viðmið sem eru skýr og hnitmiðuð en ekki óljós og flókin, og þau sem hafa verið að „malla“ í þó nokkurn tíma, eru líklegri til að hafa áhrif. Einnig hafa viðmið sem fela í sér algildar hugmyndir um hvað sé gott fyrir alla, allstaðar meiri möguleika á að breiðast út en viðmið sem eru staðbundin og sértæk í eðli sínu. (Finnemore og Sikkink 1998, 906-907). Hvað innihaldið varðar telja Keck og Sikkink að tvenns konar málefni séu líklegust til að njóta stuðnings þvert á ríki og menningarheima. Annars vegar er um að ræða viðmið sem tengjast líkamsmeiðingum á berskjölduðum og saklausum hópum, einkum í þeim tilfellum sem orsakakeðjan er stutt og skýr. Hins vegar er um að ræða viðmið sem tengjast lagalegum rétti til jafnra tækifæra (Keck og Sikkink 1998, 27-28).

## 2.2 Smáríkjakennningar

Flokkun ríkja í smáríki, miðveldi og stórveldi má rekja til Vínarfundarins 1815. Stórveldin Stóra Bretland, Prússland, Rússland, Habsborgarveldið og Frakkland tileinkuðu sér á þessum tíma það verklag að öll mikilvæg mál skyldu útkljáð á fundum þeirra á milli. Aftur á móti snertu sum úrlausnarmál önnur mikilvæg ríki beint og við slíkar aðstæður var fleiri ríkjum boðið að taka þátt á fundum stórveldanna. Með tíð og tíma urðu slík ríki þekkt sem miðveldi. Ríki sem ekki voru talin nægilega mikilvæg til að taka þátt voru nefnd smáríki. Þannig má segja að smáríki séu skilgreind út frá því sem þau eru ekki, hvorki stórveldi eða miðveldi. Smæð fer hins vegar eftir því hvert viðmiðið er. Örríki eru þannig minni en smáríki og smáríki auðvitað minni en miðveldi, hvað þá stórveldi. En í hvaða skilningi og að hversu miklu leyti? (Neumann og Gstöhl 2006, 4-6). Ekki ríkir samstaða meðal fræðimanna í alþjóðasamskiptum eða smáríkjafræðum um hvernig beri að skilgreina smáríki. Greina má fjórar hefðbundnar breytur sem hafa verið notaðar til að skilgreina stærð ríkja; mannfjöldi, landsvæði, þjóðarframleiðsla og hernaðarmáttur. Mikilvægi þessara breyta má rekja til nítjándu aldarinnar þegar velgengni ríkja var fyrst og fremst mæld með hliðsjón af getu þeirra til að verja sig og stunda landvinninga sem hvort tveggja byggðist á hernaðarlegri getu. Mannfjöldi var mikilvægur til að manna herinn annars vegar og hins vegar vinnumarkaðinn sem skapaði efnahagsleg verðmæti sem aftur nýttust til að styrkja hernaðargetu ríkisins. Mikil

Þjóðarframleiðsla var nauðsynleg til að byggja upp sterkan her til varna og landvinninga. Loks var landsvæði mikilvægt til að tryggja auðlindir, hvort sem þær voru ræktarland eða hráefni fyrir iðnað. Meira landsvæði jók líkurnar á því að hægt væri að tryggja landbúnaðar- og iðnaðarframleiðslu ríkisins sem aftur stuðlaði að sterkari efnahag og meiri hernaðargetu (Thorhallsson 2006, 8-9). Með því að skilgreina völd og áhrif á þennan hátt eru smáríki pólitískt, efnahagslega og hernaðarlega berskjölduð og ófær um að hafa áhrif á heimsmálin (Thorhallsson 2012, 135-136). Að flokka ríki eftir efnislegum breytum á borð við mannfjölda eða hernaðargetu og tilraunir til að búa til endanlega skilgreiningu á floknum smáríki er þeim takmörkunum háð að ríki geta verið veik á einu sviði en valdamikil á öðru (Thorhallsson 2012, 139). Þá lítur þessi nálgun fram hjá alþjóðlegum viðmiðum og reglum og áhrifum þeirra á hegðun ríkja og hunsar mikilvæg tengsl ríkja í gegnum sameiginleg gildi og sögu, viðskiptatengsl og nálægð hvort við annað (Thorhallsson 2012, 141).

Annar veikleiki hefðbundinni nálgana í alþjóðasamskiptum felst í því hvernig smæð hefur í gegnum tíðina verið skoðuð í tengslum við getu (e. capabilities). Smæð felur þannig í sér takmarkaða getu, en samkvæmt Morgenthau eru stórveldi þau ríki sem geta framfylgt vilja sínum gagnvart smærri ríkjum, en smáríki þau sem ekki geta það gagnvart stórveldum. Slíkar nálganir leggja áherslu á að mæla getu og gera ráð fyrir því að þeir sem búi yfir getu muni nota hana. Að skoða smáríki einungis út frá getu þeirra felur í sér að líta á eina breytu, valdamun, sem er efnislega skilgreind, oft einungis út frá hernaðarvaldi og gera ráð fyrir því að allt annað sé aukaatriði og skipti ekki máli. Þetta getur einungis átt við aðstæður þar sem engin tengsl eru á milli aðila og alla ábyrgðarkennd vantar, þar sem viðmið og gildi hafa ekki áhrif á hegðun gerenda. Með öðrum orðum á þetta við í umhverfi lítið þróaðs stjórnleysis þar sem gerendur haga sér eins og rándýr (Neumann og Gstöhl 2006, 17-19). Á meðan stjórnleysi ríkir vissulega í alþjóðakerfi samtímans þá er það mun þróaðra en svo að efnisleg geta ein ráði úrslitum. Stórveldi hafa vissulega mikil áhrif í alþjóðakerfinu og í alþjóðastofnunum, stöðu þeirra fylgja forréttindi; smærri ríki munu taka tillit til hagsmuna þeirra í nánast öllum kringumstæðum og þau fá t.d. fast sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eða aukið atkvæðavægi í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Stofnanavæðing gerir hins vegar áhrif sem byggja á efnislegu valdi sýnilegri því viðmið og reglur eru fastmótaðar og frávik krefjast útskýringa. Smáríki kjósa ferli á borð við alþjóðalög og alþjóðlegar stofnanir sem stofnanavæða reglur og viðmið því þau binda hendur stórvelda að vissu marki og koma í veg fyrir að þau geti notað efnislegan styrk til að ná sínu fram (Neumann og Gstöhl 2006, 3-4 og 19-20).

Endalok Kalda stríðsins og tvíþóla kerfisins kölluðu á nýja hugsun í alþjóðasamskiptum. Segja má að félagsleg mótunarhyggja, með áherslur sínar á alþjóðleg viðmið, sjálfsvitund og hugmyndir, hafi að hluta til svarað því kalli og ekki er útilokað að þessar breyttu áherslur hafi

hjálpað til við að endurvekja smáríkjafræði á tíunda áratug síðustu aldar. Ef hugmyndir skipta ekki síður máli en hefðbundið vald opnar það nýjar dyr í utanríkisstefnu smáríkja. Þau geta gerst frumkvöðlar viðmiða í alþjóðastjórnámálum, rökrætt og keppt við stórveldi um hvað sé æskilegt í alþjóðasamfélaginu og hvað ekki (Neumann og Gstöhl 2006, 14-15). Þau geta beitt því sem bandaríski stjórn málafræðingurinn Joseph Nye kallar mjúkt vald. Hugtakið mjúkt vald (e. soft power) lýsir því hvernig ríki ná vilja sínum fram án þess að nota valdbeitingu eða skipanir, svokallað hart vald (e. hard power). Í grunninn snýst mjúkt vald um að fá aðra til vilja það sama og þú vilt. Það byggir á krafti aðlaðandi hugmynda, menningar og hugmyndafræði, getu til að hafa áhrif á dagskrá stjórnmalanna (e. the political agenda) og getu til að móta umgjörð umræðunnar á þann hátt að það hafi áhrif á óskir annarra. Samkvæmt Nye er mjúkt vald ekki síður mikilvægt en hart vald því ef ríki geta sannfært aðra um að vald þess sé réttmætt mun það mæta færri hindrunum á leið sinni að markmiðum sínum. Ef menning og hugmyndafræði ríkisins eru aðlaðandi er líklegra að önnur ríki muni fylgja því af frjálsum og fúsum vilja og ef það getur mótað alþjóðleg gildi sem eru í samræmi við eigin samfélag er ólíklegra að það þurfi að breyta sínum gildum (Nye 1990, 166-167).

Samkvæmt bandaríska stjórn málafræðingnum Christine Ingebritsen eru það ekki bara valdamikil ríki sem geta haft áhrif á og framfylgt alþjóðlegum viðmiðum, heldur geta minni ríki, með skýra sýn á hvað sé æskileg hegðun í alþjóðasamfélaginu, haft mikilvæg áhrif á gang mála. Þannig sækjast Norðurlöndin, efnahagslega ósjálfstæð og hernaðarlega veik smáríki, eftir félagslegu valdi (e. social power) með því að vera frumkvöðlar á sviði gilda og viðmiða í alþjóðasamfélaginu. Ingebritsen hefur sýnt fram á hvernig Norðurlöndin hafa á þremur sviðum, umhverfismálum, alþjóðaöryggi og hnattrænni velferð, boðað hugmyndir sínar um að hverju eigi að stefna alþjóðlega. Með viðleitni sinni til að koma skoðunum sínum á framfæri og styrkja ákveðin alþjóðleg viðmið hafa Norðurlöndin öðlast alþjóðlegt orðspor sem áreiðanlegir og traustir samstarfsaðilar (Ingebritsen 2006, 275).

Af hverju leggja smáríki á borð við Norðurlöndin áherslu á frumkvöðlastarf á sviði viðmiða og gilda? Ein möguleg skýring er sú að það sé eitt af fáum möguleikum sem þeim bjóðast til að bæta stöðu sína í stigveldi alþjóðasamfélagsins. Smáríki geta ekki tekið þátt í valdatafli stærri þjóða og þurfa því að nota önnur tæki en hart vald til að bæta stöðu sína. Í rannsókn sinni á stöðu Noregs í alþjóðasamfélaginu leggja Neumann og Carvalho til að smáríki geti bætt stöðu sína með því að vera stærri ríkjum til gagns. Baráttan fyrir betri stöðu snýst því um að fanga athygli stærri ríkja og vera sýnilegur. Markmiðið er ekki að reyna að þykjast vera stórveldi heldur að teljast til góðu ríkjanna, bæði í siðferðislegu tilliti og í skilningnum góður og áreiðanlegur samstarfsaðili (Naumann og Carvalho 2015, 1-2 og 11). Reyndar Noregs sýnir að smáríki geta bætt stöðu sína í alþjóðakerfinu með því að vera stærri ríkjum á einhvern hátt gagnleg og fanga athygli þeirra. Bættri stöðu fylgir sæti við borðið og aðgangur



að áður lokuðum klúbbum. Samkvæmt Carvalho og Lie (2015, 68-69) virðist staðan vera markmið í sjálfu sér en ekki endilega leið að einhverskonar umbun á borð við efnahagslegan ábáta.

Þar sem smáríki skortir hart vald og þær gríðarlegu auðlindir sem stórveldi búa yfir er eina von þeirra til að hafa áhrif að beita mjúku valdi. Vopn þeirra eru góðar hugmyndir og sannfæringakraftur. Þau geta tekið þann pól í hæðina að stæra sig af því „...að vera hvorki stærst né auðugust, heldur réttlátust, best skipulögð og siðferðislega framúrskarandi“<sup>2</sup> (Durkheim í Neumann og Carvalho 2015, 6. Þýðing mín).

## 2.3 Samantekt

Samkvæmt Finnemore og Sikkink þróast viðmið í þremur skrefum. Fyrst verða þau til fyrir tilstuðlan frumkvöðla sem koma fram á stofnanavettvöngum á borð við alþjóðastofnanir þar sem þeir skilgreina hvað viðmiðið er og kynna það fyrir umheiminum. Áður en viðmið kemst á næsta þrep þarf yfirleitt að eiga sér stað stofnanavæðing, það þarf að verða hluti af alþjóðlegum reglum og starfi alþjóðastofnana. Til að ná yfir þröskuldinn og upp á annað þrepið þarf nokkur fjöldi ríkja að taka upp hið nýja viðmið. Yfirleitt þarf um þriðjungur allra ríkja að taka upp viðmiðið til að það gerist, en sum ríki vega þó meira en önnur, ýmist vegna sérstakrar tengingar við efni viðmiðsins eða vegna siðferðislegrar stöðu sinnar. Eftir að þröskuldinum er náð á sér stað útbreiðsla viðmiðsins. Þá reyna leiðandi ríki að fá fleiri til að taka upp viðmiðið með ýmsu móti, svo sem diplómátísku hrósi eða gagnrýni og efnislegum hvötum eða refsiaðgerðum. Lokaskrefið í þróun viðmiðs er innhverfing. Þá hafa svo gott sem allir hafa tekið það upp og það þykir svo sjálfsagt að því er fylgt hugsunarlaust.

Sum viðmið hafa meira aðdráttarafli en önnur og eru líklegri til að njóta árangurs. Þar kemur þrennt til. Eiginleikar viðmiðsins, eiginleikar ríkisins sem talar fyrir viðmiðinu og svo innihald viðmiðsins. Viðmið sem eru skýr, hnitmiðuð og algild eru líklegri til að ná útbreiðslu, sem og viðmið ríkja sem á einhvern hátt eru talin vera til fyrirmyndar eða njóta mikillar velgengni. Þá eru viðmið sem fela í sér baráttu gegn líkamsmeiðingum af einhverju tagi eða lagalegan rétt til jafnra tækifæra líklegri til að ná útbreiðslu en önnur viðmið.

Samkvæmt hefðbundnum nálgunum í alþjóðastjórnámálum eru smáríki berskjölduð og ófær um að hafa áhrif á alþjóðakerfið. Slíkar nálganir leggja höfuðáherslu á mannfjölda, landsvæði, þjóðarframleiðslu og hernaðarmátt. Þær horfa hins vegar framhjá mikilvægum atriðum á borð við viðmið, gildi og stofnanavæðingu sem draga úr mikilvægi hefðbundins valds stærri ríkja og gefa smárikjum svigrúm til áhrifa. Máttur góðra hugmynda og aðlaðandi

---

<sup>2</sup> „...not in being the greatest or the wealthiest, but in being the most just, the best organized and in possessing the best moral constitution.“

menningar getur verið mikill og þar geta smáríki bætt upp fyrir skort sinn á hefðbundnu valdi. Eins og Ingebritsen hefur sýnt fram á í tilfalli Norðurlandanna, þá geta smáríki haft áhrif í alþjóðasamfélaginu með því að vera frumkvöðlar viðmiða og gilda.

### 3 Framlag Íslands til jafnréttismála á alþjóðavettvangi

Í þessum kafla er fjallað um framlag Íslands til jafnréttismála á alþjóðavísu. Annars vegar þegar kemur að jafnari stöðu kynjanna og hins vegar mannréttindum hinsegin fólks. Skoðuð er staða þessara málefna í utanríkisstefnu Íslands, starfi utanríkisþjónustunnar og annarra ráðamanna. Athugað er hvert framlag Íslands er til þessara málefna innan helstu alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að, svo sem Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagins, í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og í tvíhliða samskiptum Íslands við önnur ríki. Greint er frá nýlegri áherslu Íslands á hlutverk karla í baráttunni fyrir kynjajafnrétti, starfsemi Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna og tveimur rannsóknum á jafnréttismálum í utanríkisstefnu Íslands. Þá er fjallað um þróun mannréttinda hinsegin fólks hér á landi, stöðu hinsegin mála í utanríkisstefnu Íslands og hvað íslensk stjórnvöld hafa gert í þessum efnum alþjóðlega. Að lokum er efni kaflans sett í samhengi við þær kenningar sem kynntar voru í öðrum kafla og mat lagt á það hvort og hvernig Ísland geti talist til frumkvöðuls á þessu sviði.

#### 3.1 Kynjajafnrétti

Á hverju vori leggur utanríkisráðherra fram skýrslu um utanríkis- og alþjóðamál á Alþingi. Þar fer utanríkisráðherra yfir það helsta sem dreif á daga utanríkisþjónustunnar á árinu, þátttöku Íslands í alþjóðastofnunum, tvíhliða samskipti við önnur ríki og setur fram helstu áherslumál sín í utanríkismálum. Ljóst er af stefnumarkandi textum og ummælum utanríkisráðherra undanfarinna ára að kynjajafnrétti er eitt af grundvallargildum íslenskrar utanríkisstefnu. Kynjajafnréttismálum virðist hafa verið gert nokkuð stöðugt hærra undir höfði í skýrslum utanríkisráðherra allt frá aldamótum og vísbendingar eru um að málaflokkurinn hafi öðlast aukið vægi í utanríkisþjónustunni. Ákveðin straumhvörf virðast hafa átt sér stað í þessum málum á árunum 2006 til 2009. Árið 2006 varð Valgerður Sverrisdóttir fyrsta konan til að gegna embætti utanríkisráðherra og ári síðar tók Ingibjörg Sólrún Gísladóttir við ráðuneytinu. Báðar lögðu þær mun meiri áherslu á málaflokkinn í sínum skýrslum en fyrri ráðherrar höfðu gert (Silja Bára Ómarsdóttir 2010, 89).

Í skýrslu sinni til Alþingis árið 2008 lagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fram nýja stefnu utanríkisþjónustunnar undir titlinum „Utanríkisþjónusta nýrrar aldar.“ Þar segir m.a.: „Sérstaða og styrkur Íslands á sviði ábyrgar nýtingar náttúruauðlinda og jafnréttismála verði sýnileg í starfi utanríkisþjónustunnar og skapi íslenskri utanríkisþjónustu nafn á alþjóðavettvangi“ (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir 2008, 5). Seinna í skýrslunni segir: „Í alþjóðlegu mannréttindastarfi beitir Íslands sérstaklega fyrir jafnrétti kynjanna, afnámi alls ofbeldis og mismununar gegn konum og börnum og bættum réttindum þeirra“ (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir 2008, 25). Í tíð Össurar Skarphéðinssonar sem utanríkisráðherra var kynjajafnrétti áfram gert hátt undir höfði ásamt því að málefnum hinsegin fólks var gefinn meiri gaumur en

áður hafði verið. Í skýrslu hans til Alþingis árið 2013 sagði m.a: „Stjórnvöld láta mjög til sín taka á sviði mannréttinda og hafa í auknum mæli sett kynjajafnrétti, réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks á oddinn í málflutningi alþjóðlega“ (Össur Skarphéðinsson 2013, 61). Þá segir í skýrslunni að framgangur kynjajafnréttis og valdefling kvenna á alþjóðavettvangi séu meðal forgangsverkefna í mannréttindastefnu stjórnvalda (Össur Skarphéðinsson 2013, 66). Í skýrslu Gunnars Braga Sveinssonar, fyrrverandi utanríkisráðherra sem kom út í mars 2016 er skýrt kveðið á um mikilvægi kynjajafnréttis í íslenski utanríkisstefnu. Þar segir m.a: „Mannréttindi og virðing fyrir þeim eru meðal helstu grunnilda utanríkisstefnu Íslands. Megin áherslur Íslands í mannréttindamálum á erlendum vettvangi munu áfram verða á kynjajafnrétti, þ.m.t. þátttaka karla í þeirri baráttu...“ Þá segir að starfsemi utanríkisþjónustunnar og framlög Íslands til þróunarmála muni áfram taka mið af þessum lykilþáttum og að gera megi ráð fyrir því að Ísland muni beita sér í auknum mæli fyrir þátttöku karla í kynjajafnréttisbaráttunni „...enda hafa íslenskir ráðamenn skipað sér í flokk helstu talsmanna þess á alþjóðavettvangi“ (Gunnar Bragi Sveinsson 2016, 76).

Á hverju ári gefur Alþjóðaeftahagsráðið út skýrslu um stöðu kynjajafnréttis í heiminum. Ísland hefur setið á toppi listans sjö ár í röð (Alþjóðaeftahagsráðið 2015). Íslenskir ráðamenn hafa notað niðurstöður skýrslunar í málflutningi sínum heima fyrir og á alþjóðlegum vettvangi. Til að mynda gerði utanríkisráðherra það á alþjóðlegri ráðstefnu á Akureyri um kynjajafnrétti á norðurslóðum (Gunnar Bragi Sveinsson 2014a, 1), og Eygló Harðardóttir, ráðherra jafnréttismála, nefndi skýrsluna í ræðu sinni á 59. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York (Eygló Harðardótti 2015). Auk viðurkenningar Alþjóðaeftahagsráðsins þá hafa Alþjóðasamtök þingkvenna tvisvar verðlaunað Íslendinga fyrir framlag til jafnréttismála. Þannig tóku þær Eygló Harðardóttir og Hanna Birna Kristjánsdóttir, fyrir Íslands hönd, á móti verðlaunum Alþjóðasamtaka þingkvenna fyrir árangur á sviði kynjajafnréttis á þingi samtakanna árið 2013 (Velferðarráðuneytið 2013). Ári seinna komu Alþjóðasamtök þingkvenna í sérstaka námsferð hingað til lands og veittu við það tækifæri Vigdís Finnbogadóttur verðlaun fyrir framlag hennar til pólitískrar valdeflingar kvenna (Women in Parliaments 2014).

### **3.1.1 Jafnréttismál innan Sameinuðu þjóðanna**

Skýrslur utanríkisráðherra til Alþingis staðsetja kynjajafnrétti kyrfilega innan ramma mannréttindamála og ítreka að virðing fyrir þeim sé ein af grunnstoðum utanríkisstefnu Íslands og að fulltrúar landsins tali ávallt fyrir mannréttindum á vettvangi þeirra alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að. Einn helsti vettvangur alþjóðlegrar mannréttindabaráttu eru Sameinuðu þjóðirnar og þar ber helst að nefna þriðju nefnd allsherjapingsins í New York, mannréttindaráðið í Genf og kvennanefnd Sameinuðu

þjóðanna (Gunnar Bragi Sveinsson 2016, 61). Ísland starfar náið með hinum Norðurlöndunum innan Sameinuðu þjóðanna. Til dæmis hafa Norðurlöndin gert með sér óformlegt samkomulag um að eitt þeirra eigi ávallt sæti í kvennanefnd SP og algengt er að þau haldi sameiginlega viðburði á árlegum fundum nefndarinnar. T.d. stóðu jafnréttisráðherrar Norðurlandanna sameiginlega að pallborðsumræðu um menntun sem leið til að stuða að jafnrétti og styrkja stöðu kvenna á 58. fundi kvennanefndarinnar árið 2014, en það ár héldu Norðurlöndin upp á 40 ára afmæli samstarfs þjóðanna á sviði jafnréttismála. Á fundi kvennanefndarinnar árið 2015 stóðu svo norrænir ráðherrar jafnréttismála sameiginlega að opnum umræðufundi um karla og jafnrétti. Ráðherrarnir funduðu einnig með framkvæmdastjóra UN Women, Phumzile Mlambo-Ngcuka og Ban Ki-moon aðalframkvæmdastjóra SP. Phumzile Mlambo-Ngcuka þakkaði norrænum stjórnvöldum öflugan fjárhagslegan og pólitískan stuðning við starfsemi UN Women, en yfir 40% af heildarframlögum til stofnunarinnar kemur frá Norðurlöndunum. Jafnframt sagði hún Norðurlöndin vera mikilvæga fyrirmynd annarra ríkja í jafnréttismálum (Velferðaráðuneytið 2015, 141-142). Einnig starfa Norðurlöndin þétt saman á vettvangi SP í Genf þar sem mannréttindaráð samtakanna starfar (Velferðaráðuneytið 2013, 110) og segja má að framboð Íslands til setu í öryggisráði SP hafi verið norrænt framboð. Norðurlöndin tóku virkan þátt í að vekja athygli á framboði Íslands og studdu dyggilega við bak þess (Utanríkisráðuneytið 2009, 22-23 og 35).

Ísland var í fyrsta skipti kosið í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna árið 2004 og sat í nefndinni á árunum 2005 til 2008. Áhersla var lögð á samstarf við frjáls félagasamtök, en fulltrúar UNIFEM á Íslandi (nú UN Women), Kvenréttindafélags Íslands og Stígamóta áttu sæti í sendinefnd Íslands á fundum kvennanefndarinnar. Staða jafnréttismála á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum hefur vakið athygli og hlotið jákvæða umfjöllun innan nefndarinnar (Velferðaráðuneytið 2015, 141). Í byrjun árs 2008 tók Ísland í fyrsta sinn sæti í framkvæmdastjórn þróunaráætlunar SP. Ísland lét sig jafnréttismál varða á vettvangi þróunaráætlunarinnar og lagði ríka áherslu á málefni þróunarsjóðs SP fyrir konur, UNIFEM (sem síðar varð hluti af UN Women) (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir 2008, 10). Á árinu 2015 átti Ísland aftur sæti í stjórn Þróunaráætlunar SP og eins og áður var sérstök áhersla lögð á jafnréttismál í starfi stofnunarinnar og aukinn árangur þar að lútandi (Gunnar Bragi Sveinsson 2016, 88). Í skýrslu Ingibjargar Sólrúnar frá árinu 2008 segir að stuðningur við aukna þátttöku kvenna sé áberandi í utanríkisstefnu Íslands og því til stuðnings eru fjölmörg atriði talin upp. Þannig var ein af megin áherslum utanríkisráðherra í ræðu sinni á alsherjapingi SP haustið 2007 aukin þátttaka kvenna til að tryggja frið, heilsu og draga úr fátækt. Réttindi kvenna og aukin þátttaka þeirra var grundvallarþáttur í nýrri aðgerðaáætlun Íslands í þróunarsamvinnu, friðargæslu og mannúðarmálum. Framlög Íslands til UNIFEM nær þrefölduðust og var Ísland

þar með komið í hóp þeirra ríkja sem mestu fjármagni veittu til sjóðsins. Ísland kynnti stöðu og leiðir í jafnréttisbaráttu á Íslandi á fundi kvennanefndar SP í New York í mars 2008, ráðherra ræddi aðkomu kvenna að friðarferlum á fundi sínum með aðalframkvæmdastjóra SP Ban Ki-Moon í febrúar 2008 og Ísland studdi tillögu um að komið yrði á fót stöðu varaframkvæmdastjóra SP fyrir jafnréttismál og bættu stöðu kvenna. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir 2008, 10-11). Þá voru áherslur Íslands á kynjajafnrétti meðal þess sem var sérstaklega kynnt í framboði Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og í lok kosningabaráttunnar þekktu flest aðildarríki SP til áherslna og aðgerða Íslands í málaflokknum (Utarríkisráðuneytið 2009, 37).

Í samræmi við áherslu á kynjajafnrétti hefur Ísland ítrekað innan mannréttindaráðsins í Genf mikilvægi þess að berjast gegn mismunun gagnvart konum, mikilvægi ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi og lagt áherslu á aukna þátttöku karla í jafnréttisumræðunni. Þessar áherslur endurspeglast í þátttöku og tilmælum Íslands til annarra ríkja í reglubundnum allsherjarúttektum á stöðu mannréttinda (e. Universal Periodic Review) og í yfirlýsingum og samningaviðræðum um ályktanir í mannréttindaráðinu (Gunnar Bragi Sveinsson 2016, 63). Á vettvangi þriðju nefndar allsherjarþingsins og nefndar SP um mannfjölda og þróun hefur Ísland meðal annars lagt áherslu á að tryggja kyn- og frjósemisréttindi kvenna og beitt sér fyrir samþættingu kynjasjónarmiða í öllu starfi SP. Jafnframt tekur Ísland þátt í norrænu samstarfi og samráði líkt þenkjandi ríkja um jafnréttis- og mannréttindamál (Velferðarráðuneytið 2015, 145-146).

Ísland hefur ekki einungis beitt sér í þágu kynjajafnréttis á sviði mannréttindamála hjá Sameinuðu þjóðunum heldur einnig í vinnunni að nýjum heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun sem samþykkt voru á fundi leiðtoga aðildarríkjanna í New York í september 2015. Á Ríó+20 ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun setti Ísland fjögur mál í forgang; orku, hafið, landgræðslu og jafnrétti. Ísland var framarlega í flokki með nokkrum ríkjum um að ná fram orðalagi um jafnrétti sem víðast í skjalinu og náðist talsverður árangur þrátt fyrir nokkra andstöðu sumra ríkja. (Össur Skarphéðinsson 2013, 71). Í ræðu sinni á allsherjafundi ráðstefnunnar lýsti Svandís Svavarsdóttir, þáverandi umhverfisráðherra, yfir vonbrigðum með að ekki hafi tekist að ná samkomulagi um frjósemisréttindi í textanum og að samspil kyns og loftslags hlyti ekki stærri sess í skjalinu en raun bar vitni. Hún varaði við bakslagi í baráttunni fyrir kynjajafnrétti og hvatti ríki til að standa við fyrri samninga og tryggja að kynjasjónarmið yrðu áberandi í nýjum þróunarmarkmiðum (Svandís Svavarsdóttir 2012). Fastanefnd Íslands hjá SP í New York tók virkan þátt í viðræðum um markmiðin og beitti sér með góðum árangri varðandi áherslusvið Íslands. Af fjórum megin áherslum Íslands var jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna eitt þeirra. Samkvæmt skýrslu ráðherra frá árinu 2015 endurspeglar málefnasviðin sérþekkingu Íslands, áherslu á sviði þróunarsamvinnu og

starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi (Gunnar Bragi Sveinsson 2015a, 57). Fastanefndin beitti sér fyrir því að í nýju þróunarmarkmiðunum yrði sérstakt markmið helgað kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, með áherslu á efnahagsleg og pólitísk réttindi, aðgerðir til að útrýma ofbeldi gegn konum, og kyn- og frjósemisheilbrigði og –réttindi. Auk þess beitti fastanefndin sér fyrir því að kynjasjónarmið yrðu samþætt í öll markmiðin (Gunnar Bragi Sveinsson 2014b, 57). Í skýrslu utanríkisráðherra árið 2016 segir: „Í viðræðunum sýndi sig að smáriki getur haft mikil áhrif með því að vinna samkvæmt skýrri stefnu og forgangsröðun.“ Þau málefni sem Ísland setti á oddinn í samningaviðræðunum, jafnréttismál kynjanna og sjálfbær stjórnun auðlinda, fengu góðan sess í endanlegri útgáfu markmiðanna og pólitískri yfirlýsingu um þau. Samkvæmt skýrslu utanríkisráðherra náðist góður árangur við að samþætta jafnréttismál í texta markmiðanna og pólitísku yfirlýsingarinnar og var Ísland eitt þeirra ríkja sem hvað mest beitti sér í þágu jafnréttismála. Samráð líkt þenkjandi ríkja var afar mikilvægt og hélt Ísland sérstakan fund í júní 2015 þar sem lagt var á ráðin um áherslur og aðferðir í samningaviðræðunum og þótti fundurinn skila góðum árangri fyrir jafnréttismál bæði í samhengi heimsmarkmiðanna og alþjóðaráðstefnunnar um fjármögnun þróunarmála sem haldin var í Addis Ababa í júlí 2015 (Gunnar Bragi Sveinsson 2016, 89-90). Ísland hafði gjarnan frumkvæði að sameiginlegum ræðum og samræmdum aðgerðum fleiri ríkja í þágu kynjajafnréttis og fulltrúar Íslands voru til dæmis í lykilhlutverki þegar kom að kyn- og frjósemisheilbrigði og –réttindum á lokaspretti samningaviðræðna um drögin að nýju þróunarmarkmiðunum. UN Women og mannfjöldasjóður SP þökkðu Íslandi sérstaklega fyrir framlagið. Þá var Ísland eitt fárra ríkja til að gera athugasemdir við jafnréttishluta markmiðanna. Gagnrýnin snéri að því að texti um jafnréttismál hefði á sumum stöðum verið veikari en samið var um á Rió+20 ráðstefnunni. Þá áréttaði Ísland þann skilning sinn að fyrri skuldbindingar á sviði kvenréttinda, sem gengu lengra en texti lokakjalsins, séu enn í fullu gildi og að þar sem að innra ósamræmi væri í skjalinu varðandi tiltekin fjárhagsleg réttindi kvenna liti Ísland svo á að fyrsta markmiðið gildi, þ.e. að þau réttindi séu fyrir bæði karla og konur (Velferðaráðuneytið 2015, 144-145).

Þá hefur Ísland lagt áherslu á að tekið sé tillit til jafnréttissjónarmiða í loftlagssamningum Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur um nokkurra ára skeið verið framarlega í flokki þeirra ríkja sem vilja samþætta jafnréttis- og loftslagsmál og á árlegri ríkjaráðstefnu loftlagssamnings SP í Doha í Katar í desember 2012 var samþykkt sérstök ákvörðun um jafnréttismál, m.a. fyrir tilstilli Íslands (Össur Skarphéðinsson 2013, 72). Í samningaviðræðum um nýjan loftlagssamning lagði Ísland áherslu á að ekki væri eingöngu litið á konur sem þolendur loftlagsbreytinga, heldur sem mikilvæga gerendur við lausn vandans. Í ljósi þessa hefur Ísland beitt sér fyrir virkri þátttöku kvenna í ákvarðanatöku og aðgerðum gegn lofslagsbreytingum. Málflutningur Íslands hefur vakið athygli og veittu Regnhlífasamtök

kvenna (Women and Gender Constituency) íslenskum stjórnvöldum viðurkenningu fyrir að vera sterkur málsvari jafnréttis kynjanna og fyrir að koma sterkum texta um jafnrétti kynjanna inn í samningstextann um sameiginlega sýn á þingi aðildarríkjanna í Kaupmannahöfn í desember 2009 (Össur Skarphéðinsson 2010, 45-46). Ísland hefur einnig talað fyrir auknum hlut kvenna innan Sameinuðu þjóðanna sjálfra. Í ávarpi sínu í allsherjarþingi SP í ráðherraviku þingsins árið 2015 vakti Gunnar Bragi athygli á kynjahallanum í æðstu stöðum samtakanna og sagði að kominn væri tími til að kona gegndi stöðu aðalritara og að fleiri konur ættu að gegna stöðu forseta allsherjarþingsins. Sagði ráðherra að kynjahallinn snerti trúverðugleika Sameinuðu þjóðanna (Gunnar Bragi Sveinsson 2015b, 8).

Hér á landi starfar Alþjóðlegi jafnréttisskólinn en hann er yngstur þeirra fjögurra skóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSP) sem hafa aðsetur hér á landi. Skólinn byrjaði sem verkefni á vegum EDDU – öndvegisseturs við Háskóla Íslands. Áhersla íslenskra stjórnvalda á jafnréttismál, þá sérstaklega áhugi þáverandi utanríkisráðherra Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, og fyrri reynsla stjórnvalda af stuðningi við þrjá skóla á vegum HSP varð til þess að í janúar 2009 var skólanum komið á fót með samningi utanríkisráðuneytisins og Háskóla Íslands (Seager 2012, 7). Skólinn var upphaflega tilraunaverkefni með það að markmiði að verða hluti af tengslaneti HSP, og sem slíkur var hann byggður á sömu hugmyndafræði og aðrir skólar HSP. Í júní 2012 var gerð óháð úttekt á starfsemi skólans sem leiddi í ljós að Jafnréttisskólinn uppfyllti öll skilyrði um fulla aðilda að HSP og að starfsemi hans félli vel að markmiðum hans. Í kjölfar úttektarinnar hófst vinna við gerð samnings um að Alþjóðlegi jafnréttisskólinn yrði formlega aðili að HSP sem var undirritaður þann 9. maí 2013 af utanríkisráðuneytinu, HSP og Háskóla Íslands (Utanríkisráðuneytið 2013). Skólinn er að mestu fjármagnaður af Utanríkisráðuneytinu en starfsfólk hans hefur að auki verið duglegt að afla fjár víðs vegar að bæði til að styrkja reksturinn og vegna sérstakra verkefna (Seager 2012, 12). Skólinn veitir sérfræðingum þjálfun á sviði jafnréttismála og hefur það merginmarkmið að efla kynjajafnrétti og félagslegt réttlæti í þróunarlöndum og á áttakasvæðum með þverfaglegum rannsóknum, kennslu og miðlun. Frá upphafi hafa samtals 53 nemendur útskrifast úr námi við skólann, allir frá áherslulöndum Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu; Malaví, Mósambík, Úganda, Palestínu og Afganistan (Gunnar Bragi Sveinsson 2016, 101). Leiða má líkur að því að starfsemi skólans hér á landi og aðkoma stjórnvalda að honum styrki ímynd Íslands út á við sem frumkvöðuls á sviði jafnréttismála. Jafnframt má túlka aðild skólans að neti HSP árið 2013 sem viðurkenningu á stöðu Íslands í málaflokknum og að Íslendingar hafi eitthvað fram að færa á þessu sviðu. Í þessu samhengi má benda á að Ban Ki-moon, aðalframkvæmdastjóri SP, bar lof á starf Háskóla SP hér á landi, þar á meðal starf Jafnréttisskólans í heimsókn sinni hingað til lands árið 2013 (Utanríkisráðuneytið 2013b).



### 3.1.2 Jafnréttismál innan Atlantshafsbandalagsins og ályktun nr. 1325

Ísland hefur beitt sér fyrir kvenréttindum innan Atlantshafsbandalagsins, einkum með því að leggja áherslu á ályktun öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi, og aðrar tengdar ályktanir. Ísland hefur mælt fyrir heildrænni nálgun og innleiðingu ályktunarinnar á öllum sviðum bandalagsins og verið leiðandi í málefnum ályktunarinnar ásamt líkt þenkjandi ríkjum. Stutt hefur verið við vinnu bandalagsins á þessu sviði með fjárframlögum og vinnu íslenskra sérfræðinga en Ísland var fyrsta aðildarríki bandalagsins til að leggja fé í nýstofnaðan sjóð til stuðnings við starf sérstaks fulltrúa framkvæmdastjóra bandalagsins um málefni ályktunar 1325. Árið 2008 var Ísland meðal fyrstu ríkja heims til að gefa út framkvæmdaáætlun um ákvæði ályktunarinnar og hefur síðan samþykkt endurskoðaða áætlun fyrir tímabilið 2013-2016. (Gunnar Bragi Sveinsson 2014b, 73). Samkvæmt Silju Báru Ómarsdóttur endurspeglar íslenska framkvæmdaáætlunin áherslu íslenskra stjórnvalda á málefni kvenna og jafnrétti kynjanna (Silja Báru Ómarsdóttir 2010, 84). Árið 2012 hafði Ísland frumkvæði að bréfi til framkvæmdastjóra bandalagsins sem hnykkir á framkvæmd ályktunar nr. 1325 í aðgerðum bandalagsins, m.a. í Afganistan. Þrettán aðildar- og samstarfsríki bandalagsins undirrituðu bréfið. Jafnframt hafði Ísland frumkvæði að því að sérstaklega væri fjallað um framkvæmd ályktunarinnar í leiðtogayfirlýsingu bandalagsins í maí 2012 og leiddi textavinnu í aðdraganda fundarins (Velferðaráðuneytið 2013, 114). Ísland hefur lagt áherslu á jafnréttis- og mannréttindamál í framlagi sínu til aðgerða bandalagsins, m.a. með því að manna stöður jafnréttisfulltrúa í Afganistan og stöðu sérfræðings á tengiliðaskrifstofu bandalagsins hjá SP í New York (Gunnar Bragi Sveinsson 2015a, 72). Þrír af sex einstaklingum sem störfuðu á vegum Atlantshafsbandalagsins fyrir Íslands hönd á árinu 2015 gegndu stöðum jafnréttisfulltrúa (Gunnar Bragi Sveinsson 2016, 103).

Í tilefni tíu ára afmælis ályktunar 1325 um konur, frið og öryggi árið 2010 skrifaði utanríkisráðherra bréf til allra sendiherra og forstöðumanna sendiskrifstofa Íslands þar sem hann fól þeim að leggja áherslu á málefni ályktunarinnar í starfi sínu og að fylgjast vel með umræðu og atburðum um ályktunina á tíu ára afmæli hennar. Þá skrifuðu utanríkisráðherrar Norðurlandanna, að frumkvæði utanríkisráðherra Íslands, sameiginlega blaðagrein sem birtist á 10 ára afmæli ályktunarinnar. Fastanefnd Íslands gagnvart Atlantshafsbandalaginu leggur einnig ríka áherslu á ályktun 1325 í starfi sínu. Áherslum hennar er m.a. haldið á lofti í málflutningi Íslands innan bandalagsins, s.s. í nefndarstörfum og gerð yfirlýsinga. Fulltrúi fastanefndar tekur einnig þátt í starfi sérstaks vinnuhóps innan bandalagsins um málefni ályktunarinnar. Árið 2010 tók Ísland þátt í að samþykkja aðgerðaáætlun fyrir Atlantshafsbandalagið um málefni ályktunar nr. 1325 og tengdra ályktana og hvernig það geti stutt við ákvæði þessara ályktana í starfi sínu. Fjöl margar af tillögum Íslands rötuðu í endanlegu aðgerðaáætlunina, sem samþykkt var á leiðtogafundi bandalagsins í Lissabon í

Portúgal árið 2010 (Össur Skarphéðinsson 2011, 40). Á leiðtogafundi bandalagsins í Wales haustið 2014 var endurskoðuð heildarstefna varðandi ályktunina og aðgerðaáætlun bandalagsins í þeim efnum samþykkt (Velferðaráðuneytið 2015, 147). Í apríl 2010 buðu kanadísk stjórnvöld Íslandi að taka þátt í samstarfshópnum Vinir ályktunar 1325, sem samanstendur af þeim ríkjum sem hvað mesta áherslu leggja á málaflokkinn konur, frið og öryggi. Túlka má boðið sem viðurkenningu á starfi Íslands í málaflokki, að það hafi vakið eftirtekt og verið metið að verðleikum (Helga Þórólfsdóttir 2008, 11).

Ísland tók þátt í starfi Alþjóðaliðsins í Afganistan (ISAF) með því að senda sérfræðinga til starfa á vegum Íslensku friðargæslunnar, þar af var einn sem gegndi starfi jafnréttisfulltrúa hjá Alþjóðaliðinu. Auk þess studdi Ísland áfram verkefni Atlantshafsbandalagsins um innleiðingu góðra stjórnsýsluhátta til að fyrirbyggja spillingu með því að veita sérfræðiráðgjöf um samþættingu kynjasjónarmiða og framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325. ISAF verkefninu lauk í árslok 2014 og við tók nýtt uppbyggingarverkefni til tveggja ára undir stjórn Atlantshafsbandalagsins. Þátttaka Íslands í því verkefni felst m.a. í starfi jafnréttisfulltrúa í höfuðstöðvum alþjóðaliðsins í Kabúl sem vinnur að aukinni þekkingu og vitund um mikilvægi kynjajafnréttissjónarmiða í starfi alþjóðaliðsins auk þess sem hann starfar með kvennamálaráðuneyti landsins, stofnunum og félagasamtökum sem sinna málefnum kvenna í landinu. Þá eru jafnframt veitt framlög til UN Women í landinu (Gunnar Bragi Sveinsson 2015a, 90-91).

### **3.1.3 Hlutverk karla í jafnréttisbaráttunni**

Það nýmæli var í skýrslu utanríkisráðherra árið 2015 að sérstaklega var rætt um hlutverk karla í jafnréttisbaráttunni og áhersla lögð á mikilvægi virkrar þátttöku þeirra, „enda er jafnrétti kynjanna hagsmunamál bæði kvenna og karla“ (Gunnar Bragi Sveinsson 2015a, 7-8).

Í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í lok september 2014 lagði utanríkisráðherra, Gunnar Bragi Sveinsson, áherslu á kynjajafnrétti og greindi frá Rakarastofuráðstefnu (e. Barbershop Conference) Íslands og Súrínam þar sem sjónum yrði beint að hlutverki karla í jafnréttisbaráttunni. Ráðstefnan var haldin í tengslum við 20 ára afmæli aðgerðaáætlunarinnar sem samþykkt var á kvennaráðstefnu SP í Peking 1995 og var hugsuð sem framlag til HeForShe herferðar UN Women. Ráðstefnan fór fram í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna 14.-15. janúar 2015 og á fjórða hundrað manns tóku þátt, þar á meðal stjórnáráðgjafar, fastafulltrúar aðildarríkja og aðrir diplómatar og starfsmenn SP og sérfræðingar og fulltrúar félagasamtaka. Markmið ráðstefnunnar var að virkja karla og drengi í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og stuðla að umræðu um samskipti kynjanna og kynhlutverk. Sérstaklega var lögð áhersla á ofbeldi gegn konum, en það er útbreiddasta

mannréttindabrot í heiminum og eitt af tólf áherslusviðum Peking-aðgerðaáætlunarinnar (Gunnar Bragi Sveinsson 2015a, 57-58).

Rúmu ári síðar, á alþjóðlega kvennadeginum 8. mars 2016, hélt Ísland aðra Rakarastofuráðstefnu í samstarfi við Kanada í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Brussel. Í ávarpi sínu sagði utanríkisráðherra að jafnréttismál væru einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu og að Rakarastofuráðstefnan væri leið til að virkja karla í jafnréttisbaráttu. Gunnar Bragi sagði Atlantshafsbandalagið hafa lagt sitt af mörkum til að styðja konur, m.a. hvað varðar eftirfylgni við ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325. Hins vegar þyrfi að gera betur og hvetja konur til að taka meiri þátt í, og sækjast eftir ábyrgðarstöðum í öryggis- og varnarmálum. Meðal þeirra sem tóku þátt í ráðstefnunni voru Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, Marriet Schurmann, sérstakur fulltrúi framkvæmdastjóra um málefni kvenna, friðar og öryggis og Petr Pavel, formaður hermálanefndar. Eftir ráðstefnuna ræddu fastafulltrúar bandalagsins jafnréttismál og hlutverk karla á fundi sem fastafulltrúi Íslands stjórnaði (Utanríkisráðuneytið 2016b).

Degi síðar stóð Ísland fyrir fjölmennri rakarastofuráðstefnu í skrifstofum Sameinuðu þjóðanna í Genf. Ráðstefnan fór fram í tengslum við þing mannréttindaráðs SP. Um 250 manns mættu á ráðstefnuna. Til stendur að halda rakarastofuráðstefnur í öllum helstu alþjóðastofnunum sem Íslands á aðild að (Utanríkisráðuneytið 2016a) en rakarastofuráðstefna á vettvangi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) stendur til seinna á þessu ári (Gunnar Bragi Sveinsson 2016, 64).

Ráðstefnan í New York fékk mikla umfjöllun í alþjóðlegum fjölmiðlum og skapaði þar með umræðu víða um heim um jafnrétti kynjanna og aðkomu karla. Innan SP skipti mestu máli að hún beindi sjónum sendiherra aðildarríkjanna og æðstu yfirmanna að mikilvægi þess að karlar láti kynjajafnrétti sig varða og að samþætta þurfi jafnrétti í öllum málaflökkum sem undir stofnunina heyra. UN Women hefur sýnt rakarastofu hugmyndinni mikinn áhuga og hefur Ísland skuldbundið sig til þess gagnvart stofnuninni að láta þróa nokkurskonar verkfærakistu um hvernig best sé að standa að slíkum ráðstefnum og hvernig fá má karla til að tala við aðra karla um jafnréttismál í þeim tilgangi að leggja sitt af mörkum til jafnréttisbaráttunnar (Gunnar Bragi Sveinsson 2016, 65).

Þá er Ísland á meðal tíu þjóða sem leiða Impact hóp HeForShe verkefnis UN Women, en þar koma saman leiðtogar tíu þjóða, tíu fyrirtækja og tíu menntastofnana um allan heim. UN Women valdi forsætisráðherra Íslands til að taka þátt í verkefninu. Allir þrjátíu leiðtogarnir hafa skuldbundið sig til að takast á við mismunandi þætti kynjamisréttis, en skuldbindingar Íslands snúa m.a. að því að útrýma launamun á Íslandi fyrir 2022, jafna hlut kynjanna í fjölmiðlum fyrir 2020 og fá fleiri karla til liðs við kynjabaráttuna heima fyrir og alþjóðlega. (Forsætisráðuneytið 2015).

## 3.2 Málefni hinsegin fólks

Framan af var staða hinsegin fólks á Íslandi mun verri en á hinum Norðurlöndunum og réttindabaráttan um áratug á eftir. Á níunda og tíunda áratug síðustu aldar fór að bera á erlendum þrýstingi, sérstaklega frá öðrum Norðurlöndum, um að bæta stöðu þessa hóps. Á þessum tíma var löggjöf sem tryggði samkynhneigðum jafnan rétt á ýmsum sviðum þá þegar til eða var í undirbúningi á öðrum Norðurlöndum. Umræða um aðstæður samkynhneigðra hófst á Alþingi árið 1985 með þingsályktunartillögu þess efnis að skipuð yrði nefnd til að kanna stöðu samkynhneigðra í landinu og leggja til úrbætur. Tillögunni var vísað til nefndar og hlaut aldrei afgreiðslu. Sjö árum síðar, árið 1992, var tillagan endurflutt svo til óbreytt og hlaut einróma samþykki þingsins. Nefnd um stöðu samkynhneigðra skilaði skýrslu sinni í október 1994 og meðal tillagna hennar var að gefa skyldi samkynhneigðum kost á að fá sambúð sína skráða með sömu réttaráhrifum og hljótast af hjúskap (Ingibjörg Ólafsdóttir 2001). Árið 1996 varð Ísland fjórða landið í heiminum, á eftir Noregi, Danmörku og Svíþjóð, til að samþykkja lög um staðfesta samvist fólks af sama kyni sem jafngilti hjónabandi, með nokkrum mikilvægum undantekningum þó. Ættleiðingar og tæknifrjóvganir voru ekki heimilaðar og þá var einungis borgaralegum vígslumanni, en ekki kirkjulegum, heimilt að staðfesta samvist fólks af sama kyni. Ísland gekk þó lengra en hin Norðurlöndin þrjú með því að leyfa samkynhneigðum pörum í staðfestri samvist að fara sameiginlega með forsjá barna hvors annars (Samtökin '78 e.d.). 8. maí 2000 voru breytingar á lögum um staðfesta samvist samþykktar og veittu þau fólki í staðfestri samvist rétt til að stjúpættleiða börn hvers annars. Nýju lögín voru þá samhljóða þeim sem þjóðþing Dana hafði samþykkt ári áður og þar með var Ísland komið í fremstu röð ríkja hvað réttindi samkynhneigðra varðaði (Þorvaldur Kristinsson 2000). Árið 2006 var lögum breytt til að jafna fjölskyldurétt að öllu leyti óháð kynhneigð. Með þessum breytingum var samkynhneigðum veittur sami réttur og öðrum til að skrá óvígða sambúð hjá Hagstofu, til ættleiðinga og lesbíum í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð var veittur sami réttur og öðrum konum til tæknifrjóvgunar á opinberum sjúkrastofnunum. Tveimur árum síðar heimilaði Alþingi prestum og forstöðumönnum trúfélaga að staðfesta samvist tveggja einstaklinga af sama kyni. Árið 2010 voru svo samþykkt ein hjúskaparlög óháð kynhneigð. Þar með tilgreina lögín ekki lengur aðila hjúskapar eftir kyni heldur er talað um tvo einstaklinga í stað karls og konu. Samfara þessum breytingum voru lög um staðfesta samvist felld úr gildi þar sem þeirra var ekki lengur þörf. Þá voru lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda samþykkt árið 2012. Lögín eru þau fyrstu hér á landi sem varða réttarstöðu transfólks og kveða m.a. á um úrbætur í stjórnsýslu og málsmeðferð, tilhögun kynleiðréttingar og nafnabreytingar í þjóðskrá. Árið 2014 var kynvitund bætt inn í upptalningu í hegningarlögum og þar með nýtur transfólk í fyrsta skipti einhverskonar refsiverndar á Íslandi (Samtökin '78 e.d.).

Segja má að þessi stórbætta staða hinsegin fólks á Íslandi hafi kristallast fyrsta febrúar 2009 þegar Jóhanna Sigurðardóttir varð ekki aðeins fyrsta konan til að gegna embætti forsætisráðherra Íslands heldur fyrsti opinberlega samkynhneigði einstaklingur í heimi til að gegna slíku embætti (Valur Gunnarsson 2009). Útnefning Jóhönnu í forsætisráðherrastólinn vakti þó nokkra athygli erlendis og fjölluðu nokkrir af stærstu fjölmiðlum heims um málið, þar á meðal *BBC*, *the Guardian*, *Time* og *CNN*. Ekki aðeins vakti það athygli erlendra fjölmiðla að samkynhneigð kona skyldi setjast á forsætisráðherrastólinn, heldur líka hvað Íslendingum þætti það lítið mál. Blaðamaður *Time* komst svo að orði að Íslendingar blikkuðu varla auga yfir fréttunum (Moody 2009).

Opinber heimsókn Jóhönnu og eiginkonu hennar, Jónínu Leósdóttur, til Færeyja árið 2010 vakti nokkra athygli bæði hér heima og víðar þegar formaður kristilega Miðflokksins í Færeyjum neitaði að sitja kvöldverðarboð lögmanns Færeyja sem haldið var þeim Jóhönnu og Jónínu til heiðurs. Formaðurin, Jenis av Rana sagði að heimsókn forsætisráðherrahjónanna væri hrein ögrun og ekki í samræmi við heilaga ritningu, og því myndi hann ekki sitja slíkan kvöldverð (mbl.is 2010b). Kaj Leo Johannesen, lögmaður Færeyja, gagnrýndi Jenis herðlega og sagði í viðtali við Færeyska útvarpið að hann ætti að skammast sín fyrir ummælin (mbl.is 2010a). Högni Hoydal, formaður Tjóðveldisflokksins sagði slíkt hið sama og bætti við að viðhorf Jenis endurspegluðu ekki viðhorf almennings í Færeyjum (Valur Grettisson 2010).

Jóhanna fór í opinbera heimsókn til Kína í apríl 2013 ásamt eiginkonu sinni. Samfélag samkynhneigðra í Kína vonaðist til að heimsókn þeirra myndi vekja fólk til umræðu um stöðu samkynhneigðra í landinu. Samkynhneigð er ekki ólögleg í Kína en er mikið feimnismál og miklir fordómar eru gegn samkynhneigðum í landinu. Samkvæmt fréttaveitunni *Reuters* vakti umfjöllun kínverskra fjölmiðla á heimsókninni athygli á þarlandum samfélagsmiðlum fyrir að vera opnari og meiri en við var búist en heimsókn Guido Westerwelle, utanríkisráðherra Þýskalands, og samkynja maka hans árið 2010 var að mestu hunsuð af kínverskum ríkisfjölmiðlum (Rajagopalan 2013). Fréttavefur *South China Morning Post* segir aftur á móti frá því hvernig móttaka Jónínu í einum af háskólum Peking, þar sem hún var á opinskáan hátt kynnt sem eiginkona forsætisráðherra Íslands, hafi skotið skökku við umfjöllun ríkisfjölmiðla sem hafi ekki minnst á Jónínu með nafni (Li 2013).

Í ráðherratið sinni sem utanríkisráðherra lét Össur Skarphéðinsson málefni samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks sig nokkuð varða. Í skýrslu Össurar til Alþingis árið 2010 sagði meðal annars að Ísland beiti sér fyrir banni við mismunun á grundvelli kynhneigðar og kynsamsemdar og að landið sé í hópi þeirra ríkja innan SP sem leitast hafa við að koma umræðum um kynhneigð á dagskrá samtakanna. Umræða um þessi mál mætti hins vegar mjög harðri andstöðu sumra ríkja (Össur Skarphéðinsson 2010, 42). Frá árinu

2011 var sérstakur undirkafla tileinkaður málefnum hinsegin fólks í skýrslum Össurar til Alþingis, en fyrri ráðherrar höfðu ekki minnst einu orði á þetta málefni í skýrslum sínum (Össur Skarphéðinsson 2011, 2012b, 2013; Ingibjörg Sólrún Gísladóttir 2008; Valgerður Sverrisdóttir 2006; Halldór Ásgrímsson 1997, 2000, 2002, 2004). Í skýrslu hans frá árinu 2013 segir jafnframt að það sé opinber stefna utanríkisráðuneytisins að verja réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks hvarvetna. Í ávarpi sínu á allsherjarþingi SP í september 2012 ræddi utanríkisráðherra sérstaklega málefni þessa hóps út frá mannréttindasjónarmiði og að það væri ólíðandi að nokkur sæti ofsóknum, eða sé mismunað, á grundvelli kynhneigðar sinnar eða kynvitundar (Össur Skarphéðinsson 2013, 67).

Í grein sem Össur skrifaði á Vísi í maí 2012 vekur hann athygli á því að mannréttindi séu ein af grunnstoðum íslenskrar utanríkisstefnu og að leggja þurfi áherslu á mannréttindi þeirra sem hafi aðra kynhneigð og kynvitund en meirihlutinn. Í þeim málum eigi Ísland öfluga bandamenn í hinum Norðurlöndunum og Evrópusambandinu. Í skýrslum Össurar um utanríkismál, sem ráðherra leggur árlega fyrir Alþingi, var í fyrsta sinn fjallað sérstaklega um málefni samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks. Samkvæmt Össuri var þetta ekki síst gert til að undirstrika að málaflokkurinn væri orðinn formlegur hluti af íslenskri utanríkisstefnu þar sem mannréttindi skipuðu mikilvægan sess. Sagði Össur að Ísland styddi réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks hvarvetna þar sem tilefni gæfist, bæði lagalega og félagslega. Það væri til dæmis gert í mannréttindaráði SP með ræðum og ályktunum og jafnframt vakti ráðherra athygli á málinu í ræðu sinni á allsherjarþingi SP þar sem hann hvatti öll ríki heims til að vinna gegn fordómum á þessu sviði. Össur lýkur grein sinni á að segja að hvarvetna sem fulltrúar Íslands standa í púlti, kasta atkvæði, eða hafa vogarafl eigi þeir að láta í sér heyrast og láta verkin tala þegar kemur að mannréttindum samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks (Össur Skarphéðinsson 2012a).

Utanríkisráðherrar Íslands hafa í einhverjum mæli komið á framfæri athugasemdum við stjórnvöld þeirra ríkja sem brjóta á málefnum hinsegin fólks. Árið 2010 skrifaði utanríkisráðherra bréf til utanríkisráðherra Litháen þar sem hann lýsti áhyggjum sínum vegna stöðu samkynhneigðra í landinu, m.a. vegna löggjafar sem mátti túlka sem svo að ekki megi dreifa opinberum upplýsingum um réttindi samkynhneigðra (Össur Skarphéðinsson 2010, 43). Þá hefur stuðningur Íslands við réttindi hinsegin fólks verið ítrekaður margsinnis við rússnesk stjórnvöld (Gunnar Bragi Sveinsson 2014b, 60). Einnig hefur Ísland reynt að beita sér fyrir málefnum hinsegin fólks í samstarfsríkjum sínum í Afríku; Malaví, Úganda og Mósambík og hefur komið formlega á framfæri athugasemdum við stjórnvöld þessarar ríkja, en þar hefur verið gróflega vegið að mannréttindum þessa fólks (Össur Skarphéðinsson 2012a). Í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis árið 2013 er athygli vakin á því að um nokkurt

skeið hafi legið fyrir þinginu í Úganda frumvarp til laga gegn samkynhneigðum, en Úganda er eitt af þremur samstarfsríkjum Íslands í þróunarsamvinnu. Í skýrslunni segir að ráðuneytið fylgist grannt með málum sem þessum og að Ísland taki þátt í samráði líkt þenkjandi ríkja um aðgerðir og viðbrögð fari svo að frumvarpið verði samþykkt. (Össur Skarphéðinsson 2013, 67). Svo fór að frumvarpið var samþykkt. Á fundi sínum með fjármálaráðherra Úganda, í tengslum við vorkundi Alþjóðabankans lýsti nýr utanríkisráðherra, Gunnar Bragi Sveinsson, vonbrigðum sínum með að forseti Úganda hefði undirritað lög. Ráðherra sagði að íslensk stjórnvöld styðji réttindabaráttu hinsegin fólks á alþjóðavettvangi og að hann harmi að þessi lög hafi tekið gildi. Hann ítrekaði að stjórnvöldum sé skylt að standa vörð um mannréttindi allra þegna sinna, samkynhneigðra jafnt sem annarra (Utanríkisráðuneytið 2014a).

Á 69. allsherjarþingi SP kom Ísland að sameiginlegri ályktun Norðurlandanna í þriðju nefnd þingsins (sem fjallar um félags- mannréttinda- og mannúðarmál) þar sem kveðið var á um skyldu ríkja til að koma í veg fyrir að einstaklingar séu teknir af lífi án dóms og laga, en hinsegin fólk var sérstaklega tilgreint í ályktuninni. Eftir mikið samráð við fjölda ríkja tókst að koma þeirri tilvísun inn í textann, en nokkur andstaða var við það (Gunnar Bragi Sveinsson 2015, 61). Þá hefur Ísland verið einn af styrktaraðilum sjóðs á vegum Bandaríkjanna til verndar réttindum samkynhneigðra, Global Equality Fund, síðan árið 2013. Sjóðurinn fjármagnar margvísleg verkefni, aðallega í Afríku og Austur-Evrópu. Einkum er um að ræða lagalegan stuðning við baráttufólk fyrir réttindum hinsegin fólks og önnur verndarúrræði þegar þeim er hættu búin (Gunnar Bragi Sveinsson 2014b, 59). Þá veitti utanríkisráðuneytið Samtökunum 78 4,5 milljón króna styrk árið 2014 vegna stuðnings við hinsegin fólk í Úganda (Gunnar Bragi Sveinsson 2015, 93).

### 3.3 Umræður og niðurstöður

Er Ísland frumkvöðull og fyrirmynd þegar kemur að jafnrétti kynjanna og mannréttindum hinsegin fólks? Hefur Ísland átt frumkvæði að aðgerðum í þágu þessara málefna og hefur það skilað einhverjum árangri?

Ísland hefur náð talsverðum árangri á sviði kynjajafnréttis og mannréttinda hinsegin fólks og hlotið nokkra athygli fyrir það. Þannig vakti það heimsathygli þegar stór hluti íslenskra kvenna lagði niður störf þann 24. október 1975 og komu saman til að krefjast jafnra réttinda (mbl.is 1995). Aftur beindust kastljós heimsins að Íslandi árið 1980 þegar Vigdís Finnbogadóttir varð fyrsta konan í heiminum til að vera lýðræðislega kjörin í embætti þjóðhöfðingja. Á árunum 1982 og 1983 komu svo fram kvennaframboð bæði til sveitastjórna og Alþingis og skiluðu þó nokkrum árangri. Nær okkur í tíma ber helst að nefna skýrslu Alþjóðaefnahagsráðsins um alþjóðlega kynjabilið en Ísland hefur setið í efsta sæti sjö ár í röð. Þegar kemur að málefnum hinsegin fólks geta íslensk stjórnvöld verið stolt af góðri stöðu

þessa hóps heima fyrir. Þrátt fyrir að hafa vera eftirbátar Norðurlandanna framan af hefur Ísland að undanfögnu skipað sér á meðal þeirra þjóða sem standa hvað fremst er varðar málefni hinsegin fólks. Ísland var fjórða landið í heiminum til að samþykkja lög um staðfesta samvist fólks af sama kyni og annað til að lögfesta rétt samkynhneigðra til að stjúpættleiða börn maka síns. Ísland er eitt fárra ríkja í heiminum þar sem ein lög gilda um hjúskap, óháð kynhneigð og Jóhanna Sigurðardóttir var fyrsti opinberlega samkynhneigði þjóðarleiðtogi heims.

Eins og kom fram í öðrum kafla þarf tvennt til að skapa viðmið. Í fyrsta lagi þarf frumkvöðla sem hafa sterkar skoðanir á hvað sé æskilegt og að hverju eigi að stefna og hafa raunverulega trú á þeim hugmyndum og gildum sem viðmiðið felur í sér. Í öðru lagi þarf stofnanavettvang til að koma fram á og vekja athygli á viðmiðinu. Segja má að Ísland frumkvöðull á ákveðnum afmörkuðum sviðum kynjajafnréttisbaráttunnar, þá helst á sviði ályktunar nr. 1325 og þegar kemur að hlutverki karla í henni. Þá virðist framlag Íslands til jafnréttissjónarmiða í nýjum heimsmarkmiðum SÞ hafa skipt sköpun. Óhætt er að segja að í utanríkisstefnu Íslands koma fram sterkar skoðanir á því hvað sé æskilegt í þessum efnunum og engin ástæða er til að ætla annað en að fulltrúar þjóðarinnar hafi trú á þeim hugmyndum og gildum sem barist er fyrir. Sameinuðu þjóðirnar, Atlantshafsbandalagið og aðrar alþjóðastofnanir sem Ísland á aðild að eru stofnanavettvangarnir þar sem Ísland stígur á sviði og vekur máls á áherslum sínum. Til að nýtt viðmið nái yfir þröskuldinn og komist á þann stað að það geti farið að breiðast út þarf oftast að eiga sér stað stofnanavæðing þess, það verður hluti af alþjóðlegum reglum og starfi alþjóðastofnana. Stofnanavæðing eykur líkurnar á útbreiðslu með því að skilgreina hvað nákvæmlega felst í viðmiðinu. Segja má að jafnréttismál séu komin nokkuð á leið stofnanavæðingar í þeim alþjóðastofnunum sem Ísland starfar innan. Hjá Sameinuðu þjóðunum voru þær nefndir og sjóðir sem störfuðu í þágu kynjajafnréttis sameinaðir árið 2010 í eina stofnun, UN Women, en Ísland var eitt þeirra ríkja sem studdi sameininguna og lét af hendi sérstök fjárframlög til að koma starfsemi hennar af stað. Í þessu samhengi má einnig nefna stofnanavæðingu ályktunar nr. 1325 hjá Atlantshafsbandalaginu. Þar starfar sérstakur fulltrúi framkvæmdastjóra bandalagsins um málefni ályktunarinnar en Ísland var fyrsta ríkið til að leggja fé í sérstakan sjóð til stuðning þessa fulltrúa og kom að gerð aðgerðaáætlunar bandalagsins um ályktun 1325, en fjölmargar af tillögum Íslands rötuðu í endanlegu áætlunina. Ef til vill skýrist áhersla Íslands á jafnréttismál innan Atlantshafsbandalagsins að hluta til af því að Ísland er eina herlausu aðildarríki sambandsins. Þar sem Ísland býr ekki yfir hefðbundnu hernaðarvaldi og getur því ekki lagt sitt af mörkum á því sviði einbeitir landið sér að sviðum þar sem þekking þess og geta er meiri. Rakarastofuvettvangurinn sem Ísland hefur staðið fyrir innan nokkurra alþjóðastofnana er tilraun til að stofnanavæða aðkomu og umræðu karla um jafnréttismál. Nú



þegar hafa slíkar ráðstefnur farið fram innan SP, bæði í New York og Genf, og Atlantshafsbandalagsins og til stendur að halda ráðstefnur í öllum helstu alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að. Þá hefur UN Women sýnt hugmyndinni áhuga og vill þróa hana frekar. Þegar frumkvöðlar hafa náð að sannfæra nokkurn fjölda ríkja um að taka upp ný viðmið má segja að viðmiðið nái ákveðnum þröskuldi eða vendipunkti. Hvaða ríki taka upp ný viðmið skiptir máli því sum ríki eru mikilvægari en önnur, annað hvort vegna sérstakra tengsla við málefnið eða vegna þess að þau eru talin á einhvern hátt hafa sérstaka siðferðilega stöðu. Færa má rök fyrir því að Íslandi hafi tekist að skapa sér sérstaka tengingu við kynjajafnréttismál á alþjóðavettvangi. Eins og kemur fram hér að ofan hefur landið vakið athygli á heimsvísu fyrir árangur heima fyrir og áhersla landsins á kynjajafnrétti er vel þekkt meðal annarra aðildarríkja SP. Hversu sterk þessi tenging er og hvort hún skili landinu einhverskonar siðferðilegri stöðu er þó erfitt að segja til um. Ísland hefur allar sömu forsendur og í kynjajafnréttismálum til að skapa sérstaka tengingu við mannréttindabaráttu hinsegin fólks. Rétt eins og á sviði kynjajafnréttis þá standa Íslendingar mjög framarlega þegar kemur að málefnum hinsegin fólks og hafa vakið heimsathygli í þeim efnum. Engu að síður hafa íslensk stjórnvöld ekki nýtt sér þessa sérstöðu á sama hátt til að skapa sérstaka tengingu landsins við málefnið og auka þannig áhrif sín í málaflokknum.

Annað þepið í þróun viðmiða er útbreiðsla þess. Það einkennist af einskonar félagsmótun ríkja þar sem leiðandi ríki reyna að fá önnur ríki til að gera eins og þau, fylgja viðmiðinu. Félagsmótunin felur í sér diplómatiskt lof eða ámæli, ýmist tvíhliða eða marghliða, ásamt efnislegum refsiaðgerðum eða hvötum. Ísland hefur beitt þessum tækjum, til að mynda með því að gera formlegar athugasemdir við stöðu hinsegin fólks í samstarfsríkjum sínum í Afríku og í Rússlandi. Þegar forseti Úganda samþykkti lög sem banna samkynhneigð í landinu kom utanríkisráðherra á framfæri vonbrigðum sínum við þarlenda ráðamenn. Athygli vekur hins vegar að Ísland hefur ekki breytt fyrirkomulagi þróunaraðstoðar við Úganda í kjölfar þessa, þ.e. hefur ekki beitt efnislegum refsiaðgerðum eða hvötum til að hafa áhrif á stjórnvöld þar í landi. Hvað kynjajafnréttismálin varðar má túlka orð Svandísar Svavarsdóttur þáverandi umhverfisráðherra á loftlagsráðstefnunni Ríó+20 sem ámæli gagnvart öðrum aðildarríkjum ráðstefnunnar. Eins felast nokkur ámæli í orðum Gunnars Braga Sveinssonar þegar hann sagði í ávarpi sínu í alþingardegi SP að kynjahallinn í forystu samtakanna hefði áhrif á trúverðugleika þeirra.

Lokastigið í þróun viðmiðs er innhverfing þess, þegar það öðlast stöðu sjálfsgöðs hlutar sem er fylgt nánast hugsanalaust og almenn sátt ríkir um. Það liggur í augum uppi að viðmiðin um jafnrétti kynjanna og jafnan rétt hinsegin fólks eru bæði langt frá því að vera komin á þetta stig. Jafnrétti kynjanna er komið lengra á veg en bæði eiga þessi tvö málefni langt í land og ólíklegt að almenn sátt muni nást um þau í heiminum á næstu áratugum.

Sum viðmið eru líklegri en önnur til að verða að alþjóðlegum viðmiðum samkvæmt Finnemore, Sikkink og Keck. Það getur annars vegar stafað af eiginleikum viðmiðsins eða af eiginleikum þeirra ríkja sem tala fyrir viðmiðinu. Þannig eru viðmið ríkja sem almennt eru talin njóta velgengni og vera til fyrirmyndar líklegri til að breiðast út og festast í sessi. Arfleið Íslendinga í jafnréttismálum, sá árangur sem hefur náðst heima fyrir og sú viðurkenning sem felst í því að vera í efsta sæti á lista Alþjóðaefnahagsráðs yfir kynjajafnrétti sjö ár í röð eru því líkleg til að styrkja þau jafnréttisviðmið sem Ísland beitir sér fyrir. Eins ætti góð staða hinsegin fólks á Íslandi og sú athygli sem forsætisráðherratið Jóhönnu Sigðurdóttur vakti, að styrkja Ísland í baráttu fyrir mannréttindum hinsegin fólks á alþjóðlegum vettvangi. Hins vegar virðast stjórnvöld ekki nýta sér að fullu þessa stöðu til að vera sterkur málsvari hinsegin fólks og segja má að hér liggja vannýtt tækifæri.

Þegar kemur að eiginleikum viðmiða er það tvennt sem skiptir máli. Annars vegar hversu skýrt og hnitmiðað viðmiðið er, og hins vegar hvert innihald þess er, þ.e. um hvað það fjallar. Viðmið sem eru skýr og hnitmiðuð, en ekki óljós og flókin, og hafa verið að gerjast í einhvern tíma eru líklegri til að hafa áhrif. Einnig hafa viðmið sem fela í sér algildar hugmyndir um hvað sé gott fyrir alla, allstaðar meiri möguleika á að breiðast út en staðbundin og sértæk viðmið. Ísland leggur áherslu á að málefni kynjajafnréttis og hinsegin fólks séu mannréttindamál og sem slík algild, þvert á landamæri, trú eða aðra þætti. Þessi mál eru hins vegar ekki endilega sérlega skýr eða hnitmiðuð. Þau eru umfangsmikil og flókin og snerta nánast alla fleti mannlegs samfélags. Þau snúa að stjórnámum, efnahagsmálum, heilbrigðismálum, menntamálum, einkalífi fólks og trú, bara til að nefna nokkur. Það er ekki eitt skýrt og afmarkað markmið sem að er stefnt, heldur er í raun stefnt að breytingum á flestum, ef ekki öllum sviðum samfélagsins. Hvað innihald viðmiða varðar telja Keck og Sikkink að tvennskonar viðmið séu líklegust til að njóta stuðnings þvert á ríki og menningarheima. Annars vegar viðmið sem tengjast líkamsmeiðingum á berskjölduðum og saklausum hópum og hins vegar viðmið sem tengjast lagalegum rétti til jafnra tækifæra. Bæði kynjajafnréttismálin og málefni hinsegin fólks falla vel að þessu. Konur og hinsegin fólk býr víða, ef ekki allstaðar í heiminum, við þær aðstæður að njóta ekki jafnra lagalegra tækifæra og því miður verða bæði konur og hinsegin fólk fyrir líkamlegu ofbeldi víðsvegar um heim einfaldlega fyrir að vera það sjálft og berjast fyrir réttindum sínum.

Ljóst er að íslenska utanríkisþjónustan og íslenskir ráðamenn hafa talað fyrir auknu kynjajafnrétti á alþjóðavísu, innan Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og í tvíhliðasamskiptum við önnur ríki. Mikilvægi málefnisins hefur verið sýnt í verki m.a. með stuðningi við ályktanir og samninga er varða kynjajafnrétti og stöðu kvenna, veittum fjármunum til mikilvægra stofnana á borð við UN Women, kostun jafnréttisfulltrúa á vegum Atlantshafsbandalagsins og baráttu fyrir sterkum sessi kynjasjónarmiða í nýjum

þróunarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur einnig verið framarlega í flokki þeirra ríkja sem beita sér fyrir samþættingu kynjasjónarmiða í loftlagssamningum Sameinuðu þjóðanna ásamt því að tala fyrir auknum hlut kvenna í æðstu stöðum samtakanna. Þá hefur Ísland lagt mikla áherslu á ályktun öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi, m.a. innan Atlantshafsbandalagsins. Ísland var meðal fyrstu ríkja heims til að gefa út framkvæmdaáætlun um ákvæði ályktunarinnar og er meðlimur í samstarfshópnum *Vinir ályktunar 1325*, sem samanstendur af þeim ríkjum sem hvað mesta áherslu leggja þetta málefni. Frá árinu 2015 hefur Ísland vakið athygli á hlutverki karla í jafnréttisbaráttunni og staðið fyrir rakarastofu ráðstefnum innan alþjóðastofnana til að vekja athygli á málinu. Þá hefur Ísland stutt HeForShe verkefni UN Women sem hefur það að markmiði að virkja karla í baráttunni fyrir jafnrétti, en Sigmundur Davíð Gunnlaugsson fyrrverandi forsætisráðherra var einn af 10 þjóðarleiðtogum sem var valinn til að leiða nýtt verkefni undir hatti HeForShe, Impact 10x10x10.

Að minnsta kosti tvær rannsóknir hafa verið gerðar sem varpa ljósi á stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu hvað kynjajafnrétti varðar. Um er að ræða lokaverkefni Áslaugar Karenar Jóhannsdóttur annars vegar og Hólmfríðar Magnúsdóttur hins vegar til MA-gráða í alþjóðasamskiptum. Báðar rannsóknir byggja á viðtölum við fulltrúa íslenskra stjórnvalda á alþjóðavettvangi. Viðmælendur Áslaugar voru allir sammála um að staða Íslands í jafnréttismálum á alþjóðavettvangi væri sterk og að hún byggði fyrst og fremst á innlendum sigrum í málaflokknum. (Áslaug Karen Jóhannsdóttir 2014, 72). Samkvæmt viðmælendum er sterk ímynd Íslands að einhverju leyti samofin ímynd Norðurlandanna en þeir telja þó að Ísland hafi nokkra sérstöðu í málaflokknum sem byggist á innlendu frumkvæði í jafnréttisbaráttunni. Viðmælendur sögðust ekki upplifa smæð Íslands í alþjóðlegu samhengi þegar kæmi að jafnréttismálum. Þegar þau væru til umræðu gætu fulltrúar Íslands talað af festu og sjálfstrausti. (Áslaug Karen Jóhannsdóttir 2014, 73). Áslaug kemst að þeirri niðurstöðu að Íslandi hafi tekist að skapa sér alþjóðlega sérstöðu á sviði jafnréttismála og búið til alþjóðleg viðmið í málaflokknum sem önnur ríki geti tekið sér til fyrirmyndar. (Áslaug Karen Jóhannsdóttir 2014, 75). Samkvæmt viðmælendum Áslaugar eru þær alþjóðastofnanir sem Ísland á aðild að meðvitaðar um stöðu Íslands í jafnréttismálum og þá áherslu sem Íslendingar leggja á málaflokkinn og taka þess vegna mark á fulltrúum landsins (Áslaug Karen Jóhannsdóttir 2014, 67-68). Viðmælendur Hólmfríðar voru ekki jafn bjartsýnir á stöðu Íslands í málaflokknum og „stigu varlega til jarðar í öllum yfirlýsingum um Ísland sem einhverja sérstaka jafnréttisímynd eða fyrirmyndar öðrum ríkjum til eftirbreytni“ (Hólmfríður Magnúsdóttir 2015, 80). Mikilvægt væri að ofmeta ekki álit annarra á landinu. Eins og viðmælendur Áslaugar, taldi hluti viðmælenda Hólmfríðar ímynd Íslands vera að einhverju leyti samofna ímynd Norðurlandanna (Hólmfríður Magnúsdóttir 2015, 79-80). Viðmælendur

Hólmfríðar lögðu áherslu á að fylgja þyrfti orðum eftir með aðgerðum og varast tvöfalt siðgæði, þ.e. segja eitt en gera annað. Þannig yki skipan kvenfulltrúa í valdamikil diplómatiske embætti á trúverðugleika bæði utanríkisþjónustunnar sjálftrar og utanríkisstefnunnar. Einnig væri mikilvægt að bæði kynin sæjust koma að málefnum til að það nyti trúverðugleika, hlutfall kynjanna á sendiskrifstofum erlendis þyrfti helst að vera jafnt. Jafnframt kom það fram að þáverandi utanríkisráðherra, Gunnar Bragi Sveinsson, hefði markað sér sérstöðu í jafnréttismálum með því að leggja áherslu á hlutverk karla í jafnréttismálum (Hólmfríður Magnúsdóttir 2015,81-82).

Þrátt fyrir að mannréttindi hinsegin fólks séu nokkuð vel tryggð hér á landi er ekki sömu sögu að segja víðsvegar annarsstaðar í heiminum og ljóst er að stofnanavæðing mannréttinda samkynhneigðra er mun skemur á veg komin en í tilfelli kynjajafnréttis. Það var ekki fyrr en árið 2008 sem fyrsta yfirlýsingin um réttindi samkynhneigðra leit dagsins ljós á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Yfirlýsingin var studd af 66 ríkjum en ekki var nægilegur stuðningur til að gefa út opinbera ályktun (MacFarquhar 2008). Árið 2011 ályktaði mannréttindaráð SP svo í fyrsta skipti gegn mismunun í garð hinsegin fólks. Ályktunin var varlega orðuð og mætti andstöðu margra ríkja en svo fór að hún var naumlega samþykkt (Associated Press í Genf 2011). Ísland studdi ályktunina árið 2011 en virðist ekki hafa haft aðra aðkomu að málinu (Össur Skarphéðinsson 2012b, 56). Þrátt fyrir góða stöðu heimafyrir virðist stuðningur íslenskra stjórnvalda við hinsegin fólk alþjóðlega vera að mestu í orði en ekki á borði. Össur Skarphéðinsson talaði nokkuð um mikilvægi þessa málaflokks, bæði heimafyrir og í ræðu í Sameinuðu þjóðunum og íslensk stjórnvöld styðja ályktanir um málefnið, t.d. innan SP. Þá hafa íslensk stjórnvöld komið á framfæri óánægju sinni með mannréttindabrot erlendra stjórnvalda. Að öðru leyti virðast þau ekki gera neitt af eigin frumkvæði til að bæta hag hinsegin fólks í heiminum. Aðgerðir stjórnvalda eru að mestu fögur orð, að stuðningi við Global Equality fund og Samtökin '78 undanskildum, og ekkert bendir til þess að íslensk stjórnvöld séu frumkvöðlar þegar kemur að stuðningi við mannréttinda hinsegin fólks á erlendum vettvangi. Það má samt segja að Ísland sé fyrirmynd í þessum efnum, enda er staða hinsegin fólks hér á landi með því besta sem gerist í heiminum. Íslensk stjórnvöld virðast hins vegar ekki nýta sér þennan augljósa styrk á sama hátt og þau gera í tilfelli jafnréttismála. Þorvaldur Kristinsson, fyrverandi formaður Samtakanna '78, skrifaði í grein sem birtist á heimasíðu samtakanna árið 2000 að „pólítisku forystufólki meðal lesbía og homma er þó löngu orðið ljóst að Alþingi forðast það beinlínis að eiga frumkvæði meðal ríkja heimsins í réttarbótum til samkynhneigðra, en fylgir samt fast á eftir þeim sem fremstir fara“ (Þorvaldur Kristinsson 2000). Þó Þorvaldur hafi hér verið að tala um aðgerðir stjórnvalda innanlands má segja að orð hans lýsi einnig vel aðgerðum íslenskra stjórnvalda á alþjóðlegum vettvangi.

Leiða má líkur að því að ímynd Íslands í jafnréttismálum sé að einhverju leyti tengd Norðurlöndunum sem heild. Norðurlöndin starfa náið saman í alþjóðamálum, t.d. á vettvangi SP og þá hrósar framkvæmdastjóri UN Women Norðurlöndunum sem heild fyrir framlag sitt til stofnunarinnar, en ekki einstökum ríkjum. Þá var framboð Íslands til öryggisráðsins árið 2008 sett fram sem norrænt framboð. Samkvæmt Baldri Þórhallssyni má rekja ósigur Íslands í kjörinu til öryggisráðsins að hluta til þess að Ísland var laumufarþegi (e. free-rider) á orðsþori Norðurlandanna án þess að hafa fyrri reynslu eða sögu um virkt starf í þágu hugsjóna Sameinuðu þjóðanna (Baldur Thorhallsson 2012, 155). Án efa nýtur Ísland góðs af því að vera tengt við orðspor hinna Norðurlandanna sem hafa verið framarlega á ýmsum sviðum, þar á meðal kynjajafnréttis og mannréttinda hinsegin fólks, og eru auk þess mun stærri og sýnilegri en Ísland. Aftur á móti virðist Íslandi hafa tekist að skapa sér nokkra sérstöðu í jafnréttismálum í krafti þess árangurs sem hér hefur náðst, svo sem að hér skuli hafa mælst minnsta kynjabil í heimi sjö ár í röð. Þetta gefur Íslandi aukna vigt þegar fulltrúar landsins tala um jafnréttismál á alþjóðlegum vettvangi. Ísland virðist hafa haft töluvert frumkvæði á sviði kynjajafnréttis, svo sem í tengslum við ný heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun, við að framfylgja ályktun öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi innan Atlantshafsbandalagsins og með því að vekja athygli á hlutverki karla í baráttunni fyrir jafnrétti. Þá er Jafnréttisskólinn hér á landi dæmi um íslenskt frumkvæði á sviði jafnréttismála sem hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu, en skólinn byrjaði sem tilraunaverkefni utanríkisráðuneytisins og aðila innan Háskóla Íslands og varð svo formlega hluti af Háskóla Sameinuðu þjóðanna árið 2013.

## 4 Er Ísland frumkvöðull á sviði jarðhitanytingar?

„...Í heimi jarðhitans má segja að þar séum við ein af stóru þjóðunum. Okkur þykir mikið til þess koma því það er ekki oft sem við getum státað okkur af því að vera í hópi þeirra stóru.“ Svona lýsti Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra Íslandi á ársfundi Orkustofnunar árið 2015 (Ragnheiður Elín Árnadóttir 2015a). Í þessum kafla er fjallað um hvað Ísland hefur fram að færa á alþjóðavettvangi þegar kemur að sjálfbærri nýtingu jarðhita. Hvernig íslensk stjórnvöld reyna að breiða út boðskap jarðhitans, þau tækifæri sem í honum felast, hvernig eigi að rannsaka hann og nýta. Farið verður yfir áhuga annarra ríkja á reynslu Íslendinga af jarðhita, umsvif íslenskra aðila á sviði jarðhita víðsvegar um heiminn, og starf Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Að lokum er fjallað um efni kaflans með hliðsjón af þeim kenningum sem kynntar voru í kafla tvö.

Ýmislegt bendir til þess að ráðherrann hafi nokkuð til síns máls, að Ísland standi framarlega á heimsvísu á sviði jarðhitanytingar. 90% heimila á Íslandi eru hituð með jarðvarma, hin 10% með endurnýjanlegri orku frá vatnsfalls- eða jarðhitavirkjunum og um fjórðungur af raforku landsins er framleidd með jarðvarma (Orkustofnun 2015). Þá hafa fulltrúar erlendra ríkja gert sér ferðir hingað til lands sérstaklega til að kynna sér nýtingu jarðvarma hér á landi. Þannig kom umhverfisráðherra Japans, Nobuteru Ishihara, hingað til lands ásamt tíu manna sendinefnd í júlí 2013 til að kynna sér það sem Íslendingar eru að gera á sviði jarðvarmanýtingar (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 2013a). Í lok október sama ár kom orkumálaráðherra Papúa Nýju Gíneu, Ben Micah, hingað til lands í boði iðnaðar- og viðskiptaráðherra, en Papua Nýja Gínea býr yfir miklum náttúruauðlindum, þar á meðal jarðhita (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 2013b). Þá heimsótti Ségolène Royal, orku- og umhverfisráðherra Frakklands Ísland í júlí 2015. Á fundi hennar og Ragnheiðar Elínar kom fram vilji beggja ráðherra til að styðja við enn frekari samstarf íslenskra og franskra fyrirtækja á sviði jarðvarmanýtingar. Þá heimsótti Royal Reykjanesvirkjun og nokkur fyrirtæki sem nýta aukaafurðir frá jarðvarmavirkjunum (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 2015d). Í byrjun nóvember sama ár kom svo sendinefnd frá orku- og auðlindaráðuneyti Indónesíu í heimsókn í boði iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Sendinefndin fundaði með fulltrúum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins um reynslu og þekkingu Íslendinga á jarðvarma og hvernig auka megí samstarf þjóðanna. Þá fundaði sendinefndin einnig með Orkustofnun, utanríkisráðuneytinu og sérfræðingum Jarðhitaskóla HSP (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 2015c). Einnig má nefna að ákveðið var á fundi Ragnheiðar Elínar með Ali Riza Alaboyun, orkumálaráðherra Tyrklands, í Ístanbúl í nóvember 2015 að hefja undirbúning að heimsókn tyrkneskrar sendinefndar til Íslands til að kynna sér þekkingu og reynslu Íslendinga á þessu sviði og skoða frekari nýtingu jarðvarma í Tyrklandi í samstarfi við íslenska aðila (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

2015a). Að lokum má nefna að árlegur fundur um þróun jarðhita í Austur Afríku var haldinn hér á landi í maí 2014 sem hluti af samstarfi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og Afríkusambandsins. Fundinn sóttu m.a. fulltrúar frá Afríkusambandinu, Alþjóðabankanum, Japönsku þróunarsamvinnustofnunninni og samstarfslöndum um jarðhitaverkefni í Afríku. Í kjölfar fundarins stóð Jarðhitaskóli Háskóla SP á Íslandi fyrir tveggja daga námskeiði til að auka áhuga og þekkingu annarra veitenda þróunaraðstoðar á jarðhita (Utanríkisráðuneytið 2014b).

Auk þess að vera reglulega sótt heim, hafa Íslendingar verið áberandi á sviði jarðhitamála á erlendum vettvangi. Í apríl 2015 var heimsþing Alþjóðajarðhitasambandsins (e. World Geothermal Congress) haldið í Ástralíu. Heimsþingið hefur verið kallað ólympíuleikar jarðhitans, en það sækja allir helstu jarðhitasérfræðingar heimsins og aðrir sem koma að jarðhitaverkefnum. Fjöldi íslenskra jarðvísindamanna og íslenskra fyrirtækja sóttu heimsþingið og voru fjölmargir þeirra vísindamanna höfundar erinda sem flutt voru á ráðstefnunni sem sýnir glögglega þann sess sem Ísland á í jarðhitaheiminum (Ragnheiður Elín Árnadóttir 2015a). Íslensk fyrirtæki voru áberandi á ráðstefnunni og margir fyrrum nemendur Jarðhitaskóla SP á Íslandi voru í lykilhlutverki fyrir sín lönd á ráðstefnunni (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 2015b). Í ræðu sinni á heimsþinginu sagði Ragnheiður Elín Árnadóttir m.a. að Ísland væri gott dæmi um land sem hefði nýtt jarðhita til að bæta lífsgæði, og tengdi hún beislun jarðhitans beint við þróun Íslands úr fátækt til velmegunar. Ragnheiður lagði áherslu á það í ræðu sinni að Ísland vildi auka veg og vanda jarðhitanýtingar á heimsvísu og að aukin notkun jarðhita væri ein af helstu leiðunum til að bregðast við yfirvofandi loftlagsbreytingum (Ragnheiður Elín Árnadóttir 2015b). Eftirsóknarvert er að fá að halda heimsþingið og fer fram formleg kosning hjá Alþjóðajarðhitasambandinu á milli þeirra landa sem sækjast eftir því að fá að halda ráðstefnuna. Ísland sótti um árið 2014 að halda ráðstefnuna árið 2020. Í lokaumferð kosninganna hafði Ísland betur á móti Þýskalandi (Ragnheiður Elín Árnadóttir 2015a). Þá hélt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, í samstarfi við Íslensk stjórnvöld, viðburð undir nafninu Jarðhitahringborðið (e. Geothermal Roundtable) í september 2014. Þar var nauðsyn og möguleikar Evrópu til jarðhitanýtingar ræddir. Ragnheiður Elín Árnadóttir flutti ræðu við hringborðið þar sem hún lýsti árangri og ávinningi Íslands af því að nýta jarðhita til húshitunar og raforkuframleiðslu og ræddi þau tækifæri og hindranir sem Evrópa standur frammi fyrir í þessum málum (Ragnheiður Elín Árnadóttir 2014). Minnst er á fundinn í daglegri fréttatilkynningu frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins frá 19. september 2014. Þar er Íslandi lýst sem fyrirmyndar leiðtoga á þessu sviði sem margt megi læra af og heimsleiðtoga í nýtingu jarðhita til húshitunar (Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins 2014).

Utanríkisráðuneytið tók einnig virkan þátt í undirbúningi og stofnun IRENA, alþjóðastofnunar um endurnýjanlega orkugjafa, sem átti sér stað snemma árs 2010. Stofnunin hóf starfsemi formlega í apríl 2011 og í maí 2012 kom framkvæmdastjóri hennar í opinbera heimsókn til Íslands í boði utanríkisráðherra, í þeim tilgangi að kynna sér nýtingu jarðhita hérlendis. Fyrsta samstarfsverkefni IRENA á sviði jarðhita hófst árið 2012 og nær til fimm ríkja í Mið- og Suður-Ameríku. Ísland tók þátt í að styðja verkefnið, ásamt Mexíkó, Nýja Sjálandi og Alþjóðajarðhitasambandinu (Össur Skarphéðinsson 2013, 69-70). Þá átti Ísland, í samstarfi við IRENA frumkvæðið að stofnun Alþjóðajarðhitabandalagsins (e. Global Geothermal Alliance). Bandalagið var formlega stofnsett á loftlagsráðstefnunni í París í desember 2015. Bandalagið er samstarfsvettvangur 51 þjóðríkis og alþjóðlegra stofnana sem vilja auka mikilvægi jarðhitans í orkuframleiðslu heimsins og þannig stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda. Tilgangur samstarfsvettvangsins er að auka fjölþjóðlega fjármögnun jarðhitaverkefna og stuðla að minnkun áhættunnar sem fylgir þróun jarðhitaverkefna. (Gunnar Bragi Sveinsson 2016, 67). Enn fremur veitir Ísland stuðning til sérstakra verkefna og sjóða á vegum Alþjóðabankans sem tengjast áherslusviðum Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Þannig hefur Ísland sérstaklega unnið að framgangi jarðhitánýtingar á vettvangi bankans með þátttöku í orkusjóði hans, ESMAP. Stuðningurinn hefur falist í reglulegum framlögum og í því að kosta jarðhitasérfræðing til deildarinnar (Gunnar Bragi Sveinsson 2016, 97-98). Að lokum má nefna umsvif Íslendinga á sviði jarðhitaverkefna víða um heim, sérstaklega í Austur-Afríku í samstarfi við Alþjóðabankann og fleiri aðila, og Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem starfar hér á landi, en nánari grein er gerð fyrir þessu starfi hér að neðan.

#### **4.1 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna**

Á Íslandi starfa fjórir skólar innan vébanda Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Elstur þeirra er Jarðhitaskólinn en hann hefur starfað hér á landi frá árinu 1979. Strax á undirbúningsárum Háskóla SP, 1969-1973, vaknaði áhugi meðal Íslendinga á því að einhver deild skólans yrði hýst hér á landi. Veturinn 1973-1974 lögðu tveir þingmenn fram ályktunartillögu um að skora á ríkisstjórnina að hefja viðræður við SP um að ein eða fleiri deildir skólans yrðu staðsettar hér. Tillagan hlaut ekki brautargengi en málinu var haldið á lofti og á fundi 2. nefndar allsherjarþings SP í nóvember 1975 sagði fastafulltrúi Íslands frá því að Íslendingar væru að undirbúa sig til að bjóða fram samvinnu Íslands á sviði haf- og fiskirannsókna og nýtingu og rannsókna á jarðhita. Viðræður um málið leiddu svo til þess að HSP og Orkustofnun gerðu með sér samning um árleg jarðhitánámskeið hér á landi (Pétur J. Thorsteinsson 1992, 1101-1102). Skólinn veitir sérfræðingum frá þróunarlöndum sérhæfða þjálfun og kennslu á sviði jarðhitarannsókna og –nýtingar. Frá byrjun hafa 613 nemendur frá 59 löndum útskrifast úr sex mánaða þjálfun við skólann á Íslandi, hátt í þúsund sérfræðingar hafa tekið þátt í styttri



námskeiðum í þróunarlöndum, 45 nemendur útskrifast með meistaraþráðu og einn með doktorsþráðu frá HÍ og einn útskrifast með meistaraþráðu frá HR með styrk frá skólanum (Gunnar Bragi Sveinsson 2016, 85). Í ræðu sinni við útskrift úr Jarðhitaskólanum í október 2013 sagði Ragnheiður Elín Árnadóttir að Íslendingar væru stoltir af Jarðhitaskólanum og til að undirstrika það hefði ráðuneyti hennar tilnefnt skólann til náttúru og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðsins. Sagði hún tilnefninguna byggja á þeirri staðreynd að skólinn hefði í 35 ár spilað stórt hlutverk í að kynna jarðhitanytingu í þróunar- og umbreytingarlöndum (e. developing and transitional countries) og að flestir þeir sem hafi útskrifast úr skólanum væru leiðandi í jarðhitageiranum í heimalandi sínu. Ekki nóg með það, heldur hefði skólinn og nemendur hans skapað náið net jarðhitasérfræðinga um víða veröld sem noti kunnáttu sína til að skapa betri heim þar sem jarðhiti spilar stórt hlutverk (Ragnheiður Elín Árnadóttir 2013). Til marks um árangur og mikilvægi skólans er vert að benda á að fimmta hver grein sem lögð var fram á heimspingi Alþjóðajarðhitasambandsins í Ástralíu 2015 var eftir höfunda sem komið höfðu við sögu í Jarðhitaskólanum (Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópu 2015).

## 4.2 Jarðhitasamstarf í Austur-Afríku og víðar

Þann 9. nóvember 2012 kynnti Össur Skarphéðinsson, þáverandi utanríkisráðherra stærsta þróunarsamvinnuverkefni Íslendinga til þessa, 65 milljarða króna sjóð Alþjóðabankans til jarðhitanytingar í Afríku. Samstarf Íslands og Alþjóðabankans, með liðsinni Norræna þróunarsjóðsins er mesta áttak til jarðhitanytingar í þróunarríkjum frá upphafi og Ísland verður aðalráðgjafi bankans á því sviði (Utanríkisráðuneytið 2012). Verkefnið nær til allt að þrettán ríkja í austur-afríska sigdalnum. Hlutverk Alþjóðabankans í samstarfinu er að setja á stofn sjóð til að styðja við tilraunaboranir í ríkjum þar sem jarðhitarannsóknir staðfesta að orka sé fyrir hendi (Gunnar Bragi Sveinsson 2014, 66). Meginmarkmið verkefnisins er að aðstoða þjóðir í sigdalnum mikla við rannsóknir og mannauðsuppbyggingu á sviði jarðhitanytingar. Íslensk jarðhitabekking gegnir lykilhlutverki í því að skilgreina allar rannsóknir og tryggja gæði þeirra svo og við þjálfunarverkefni. Á árinu 2015 var gengið frá samstarfssamningum um verkefni í tveimur löndum, Tansaníu og Djíbútí. Áherslan í verkefnunum þar verður á aðstoð við jarðhitaleit á tilteknum svæðum og þjálfun í hinum ýmsu þáttum jarðhitapróunar. Umfangsmikil verkefni eru einnig í gangi í Eþíópíu og Kenía ásamt samstarfsverkefni við Umhverfisstofnun SP (UNEP) um jarðhitaleit í Erítreu. Í Eþíópíu er umfangsmikill jarðhitaleit að mestu lokið á tveimur svæðum sem tengjast jarðhitaverkefni Alþjóðabankans. Í Kenía vinnur íslenska verkfræðistofan EFLA að jarðhitarannsókn á Suswa-svæðinu og mikil vinna hefur verið unnin við að aðstoða GDC, jarðhitafyrirtæki landsins, við að fá rannsóknarstofu sína vottaða. Mikilvægur þáttur í samstarfinu við Kenía er skoðun á möguleikum þess að koma á fót svæðisbundinni þjálfunarmiðstöð fyrir jarðhita í Afríku. Hagkvæmniúttekt á slíkri

miðstöð leiddi í ljós að heppilegt væri að setja slíka miðstöð á fót og mikill áhugi er á meðal landanna á svæðinu sem og alþjóðastofnana að koma að slíku starfi. Unnið verður að undirbúningi slíkrar miðstöðvar á árinu 2016. Jafnframt er unnið að því í Kenía að skoða möguleika á nýtingu jarðhita til þurrkunar matvæla, en þar gætu falist áhugaverðir möguleikar sem löndin í kring gætu einnig nýtt (Gunnar Bragi Sveinsson 2016, 97). Þessu til viðbótar hefur Evrópusambandið óskað eftir liðsinni Íslands við sams konar jarðhitarannsóknir á svæði sem liggur á mörkum Rúanda, Búrúndí og Lýðveldisins Kongó (Össur Skarphéðinsson 2013, 69).

Íslendingar hafa ekki aðeins komið að jarðhitaverkefnum í gegnum þróunarsamvinnu hins opinbera í Afríku, heldur hafa íslensk fyrirtæki og stofnanir, með aðkomu utanríkisþjónustunnar, komið með ýmsum hætti að nýtingu jarðhita víðs vegar um heiminn. Árið 2013 unnu fleiri en tíu íslensk fyrirtæki að ólíkum verkefnum í samtals 40 löndum. Flest verkefni voru á sviði ráðgjafar en sum fólu í sér framkvæmdir íslenskra fyrirtækja (Haraldur Guðmundsson 2013). Orkustofnun hefur átt aðkomu að þremur jarðhitaverkefnum sem styrkt hafa verið af Þróunarsjóð EFTA, í Ungverjalandi, Rúmeníu og Portúgal (Össur Skarphéðinsson 2013, 70). Fimm íslensk fyrirtæki komu að verkefnum í Rúmeníu; Mannvit, Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR), Iceland Geothermal Engineering, Landsvirkjun Power og Verkís (Orkustofnun 2014). Þá hefur RARIK og verkfræðistofan EFLA komið að rannsóknum og virkjun jarðvarma í Austur-Tyrklandi (RARIK 2013), Reykjavík Geothermal hefur komið að verkefnum í Suður-Eþíópíu, á eyjunni Sankti Vinsent í Karíbahafi og í Mexíkó, sinnt jarðfræðiráðgjöf um nýtingu jarðvarma í Sádi Arabíu og víðar og þá hefur Orka Energy þróað eigin orkuverkefni á Filippseyjum og hitaveiturverkefni í Kína. Loks hefur fyrirtækið Jarðboranir sinnt borverkefnum vegna jarðhitanýtingar á Filippseyjum, á eyjunni Dómíníku í Karíbahafi og á Nýja-Sjálandi (Haraldur Guðmundsson 2013). Á fundi sínum með forseta Íslands lýsti varaforsetisráðherra Kína, Ma Kai, yfir ánægju sinni með hitaveitur sem byggðar hefðu verið í samvinnu við Íslendinga í kínverskum borgum og sagði þær stuðla að minni mengun, bættri heilsu íbúa og opnað augu Kínverja fyrir nýtingu jarðvarma, m.a. til ylræktar og þurrkunar matvæla. Þá væri mikilvægt að efla enn frekar samvinnu landanna á sviði jarðhitanýtingar (Skrifstofa forseta Íslands 2013).

### 4.3 Umræður og niðurstöður

Er Ísland frumkvöðull eða fyrirmynd á sviði jarðhitamála? Reyna íslensk stjórnvöld að hafa áhrif á önnur ríki, og fylgja önnur ríki fordæmi Íslands? Ekki verður betur séð en að Ísland sé frumkvöðull og fyrirmynd á sviði jarðhitamála. 90% heimila hér á landi eru hituð með jarðvarma og um fjórðungur af raforku landsins er framleidd í jarðvarmavirkjunum. Þá hefur fjöldi ríkja og stofnana áhuga á þekkingu og reynslu landsmanna af jarðhita eins og sjá má af

heimsóknum erlendra ráðamanna til Íslands og eftirspurnar eftir þekkingu Íslendinga hjá Evrópusambandinu, Alþjóðajarðhitasambandinu, Alþjóðabankanum og þeim fjölmörgu ríkjum þar sem íslensk stjórnvöld og íslensk fyrirtæki hafa komið að jarðhitaverkefnum. Þá var Ísland kallað fyrirmynd og leiðtogi á sviði jarðhitamála í fréttatilkynningu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og valið til að halda næsta heimsping Alþjóðajarðhitasambandsins.

Íslensk stjórnvöld hafa beitt sér með áhrifaríkum hætti til að auka hlut jarðhitanytingar í heiminum og þannig haft áhrif á fjölmörg ríki. Jarðhitaskóli HSB er líklega besta dæmið um það en skólinn hefur leikið stórt hlutverk í að kynna jarðhitanytingu fyrir þróunarlöndum og flestir þeir sem hafa útskrifast úr honum hafa verið leiðandi í jarðhitageiranum í heimalandi sínu. Sú staðreynd að fimmta hver grein sem lögð var fram á heimspingi alþjóða jarðhitasambandsins í Ástralíu 2015 hafi verið eftir höfunda sem komið höfðu við sögu í Jarðhitaskólanum gefur sterklega til kynna að staða Íslands sér sterk á þessu sviði og að landið hafi áhrif. Þá bar Ban Ki-moon, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna lof á Háskóla SÞ hér á landi í heimsókn sinni hingað til lands árið 2013 (Utanríkisráðuneytið 2013b). Ísland kom einnig að stofnun IRENA, alþjóðastofnunar um endurnýjanlega orkugjafa og stofnun Alþjóða jarðhitabandalagsins. Þá sér ekki fyrir endann á samvinnu Íslands og Alþjóðabankans í Austur Afríku, en það er mesta átak til jarðhitanytingar í þróunarríkjum frá upphafi og mun eflaust hafa mikil áhrif til framtíðar. Fjöldi verkefna íslenskra aðila víðs vegar um heiminn, ásamt tíðum heimsóknum erlendra sendinefnda virðist benda til þess að önnur ríki fylgi að einhverju leyti fordæmi Íslands. Mörg lönd sem búa yfir jarðhita sýna Íslandi mikinn áhuga, koma hingað til lands til að kynna sér þá möguleika sem eru í boði og óska eftir aðkomu íslenskra aðila að rannsóknum, þróun og jafnvel uppbyggingu jarðvarmaverkefna í eigin löndum.

Nýting jarðhita sem leið til að efla sjálfbæra þróun og sporna gegn loftlagsbreytingum er eitthvað sem íslensk stjórnvöld hafa lagt töluverða áherslu á. Tala má um þetta sem ákveðið viðmið. Sjálfbær þróun er rótgróið viðmið sem nýtur almennrar viðurkenningar og er m.a. leiðarstef Sameinuðu þjóðanna, samanber heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun. Sjálfbær þróun er hins vegar víðtækt hugtak og nær yfir marga hluti. Samkvæmt Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra eru möguleikarnir sem felast í jarðhita lítið þekktir á meðal kollega hennar víðsvegar um heiminn, Þegar þeir tala um sjálfbæra og endurnýjanlega orku tala þeir fyrst og fremst um vindorku, sólarorku og lífefnaeldsneyti, ásamt vatnsfallsvirkjunum. Sjaldan er jarðvarminn nefndur í þessu samhengi. Þessu vilja íslensk stjórnvöld breyta og kynna jarðhitann fyrir heiminum (Ragnheiður Elín Árnadóttir 2015c). Að þessu leyti eru Íslendingar frumkvöðlar, en eins og fram kemur í öðrum kafla þurfa frumkvöðlar stofnanavettvang til að koma fram á og afla sjónarmiðum sínum fylgis. Þetta hafa Íslendingar gert m.a. innan Alþjóðabankans ásamt því að koma að stofnun nýrra

vettvanga á borð við IRENA og Alþjóðajarðhitabandalagsins. Til að viðmið nái útbreiðslu þarf yfirleitt að eiga sér stað stofnanavæðing þess, það þarf að verða hluti af starfi alþjóðastofnana. Segja má að stofnanavæðing jarðhitans sé komin ágætlega af stað. Alþjóðabankinn hefur undanfarið lagt sífellt meiri áherslu á jarðhita og stofnun IRENA og Alþjóðajarðhitabandalagsins lofa góðu. Til að viðmið komist yfir á þrep númer tvö þarf stór hópur ríkja að taka það upp, og sérstaklega skiptir það máli að fá áhrifamikil ríki til liðs við viðmiðið. Miðað við þann fjölda ríkja sem Ísland á samstarf við á sviði jarðhita og áhuga aðila á borð við Alþjóðabankann og Evrópusambandið virðist útbreiðsla jarðhitaviðmiðsins vera komin vel á leið.

Hvaða ríki taka upp viðmið og reyna afla þeim fylgis getur haft mikilvæg áhrif á útbreiðslu viðmiða. Ríki sem tengjast málefnum sérstaklega og/eða eru talin vera til fyrirmyndar hafa meiri áhrif en önnur. Ætla má að stórt hlutfall jarðhita í íslenska orkukerfinu, hvort sem er til rafmagnsframleiðslu eða húshitunar og sú jákvæða ímynd sem fylgir sjálfbærni orkukerfisins séu til þess fallin að hjálpa til við útbreiðslu viðmiðsins. Útbreiðsla viðmiðsins, að nýta jarðhita þar sem hann er til staðar í stað ósjálfbærra og mengandi orkugjafa, virðist vera að eiga sér stað víðsvegar um heiminn, eins og umsvif íslenskra jarðhitaaðila sýna. Aukinn áhugi Evrópusambandsins er líka til þess fallinn að styrkja viðmiðið, en sambandið er þekkt fyrir að vera nokkuð framarlega og til fyrirmyndar á hinum ýmsu sviðum, þar á meðal í umhverfismálum.

## 5 Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið leitað svara við því hvort smárikið Ísland sé frumkvöðull á sviði viðmiða og gilda þegar kemur að jafnrétti kynjanna, mannréttindum hinsegin fólks og nýtingu jarðhita. Líkt og kemur fram í kafla tvö búa smáriki ekki yfir hörðu valdi og eru því talin, samkvæmt hefðbundnum kenningum, ófær um að hafa áhrif á alþjóðasamfélagið svo einhverju máli skipti. Fræðimenn á sviði smárikjakenninga hafa hins vegar bent á að svo þurfi ekki að vera. Minni og veikari ríki geta beitt mjúku valdi og verið frumkvöðlar á sviði gilda og viðmiða í alþjóðasamfélaginu og þannig haft raunveruleg áhrif á gang mála. Þetta hafa Norðurlöndin sýnt og sannað á sviði umhverfismála, alþjóðaöryggis og hnattrænnar velferðar. Ísland hefur reynt að fylgja í fótspor frændþjóða sinna með því að beita sér alþjóðlega fyrir auknu jafnrétti kynjanna á sem flestum sviðum og útbreiðslu jarðhitánýtingar sem leið til að draga úr mengun og leysa orkuþörf mannkyns. Hvað málefni hinsegin fólks varðar ber minna á aðgerðum íslenskra stjórnvalda en í hinum málaflokkunum tveimur.

Eins og fram hefur komið þarf tvennt til að skapa viðmið. Í fyrsta lagi frumkvöðla sem hafa sterkar skoðanir á hvað sé æskilegt og að hverju eigi að stefna og hafa raunverulega trú á þeim hugmyndum og gildum sem viðmiðið felur í sér. Í öðru lagi þarf stofnanavettvang þar sem frumkvöðlar geta komið fram á og vakið athygli á viðmiðinu. Hvað stofnanavettvanginn varðar eru SP og NATO helstu stofnanirnar þar sem Ísland beitir sér í þágu kynjajafnréttis. Segja má að Ísland sé frumkvöðull á ákveðnum sviðum kynjajafnréttisbaráttunnar. Þar má einna helst nefna ályktun nr. 1325, þátttaka karla í baráttunni fyrir kynjajafnrétti og Jafnréttisskóla HSP. Ísland hefur staðið frammarlega og átt frumkvæði að ýmsum aðgerðum í þágu ályktunar nr. 1325, svo með því að vera eitt af fyrstu ríkjum heims til að samþykkja aðgerðaáætlun um framkvæmd hennar og tryggja henni sess innan Atlantshafsbandalagsins, m.a. með fjárframlögum og kostun jafnréttisfulltrúa, en þrír af þeim sex starfsmönnum sem störfuðu hjá bandalaginu fyrir Íslands hönd árið 2015 voru jafnréttisfulltrúar. Þá hefur Ísland átt frumkvæði að því að forysta bandalagsins fjalli um ályktunina og taki mið af henni í stefnumótun. Mögulega hefur sú staðreynd að Ísland er eina herlausa aðildarríki bandalagsins áhrif á áherslu landsins á jafnréttismál innan þess. Þar sem Ísland býr ekki yfir neinu hefðbundnu hernaðarvaldi leggur það áherslu á jafnréttismál því þar liggur geta og þekking landsins og möguleikar til áhrifa. Aðkoma karla að kynjajafnrétti er annað mál sem Ísland hefur átt frumkvæði að. Rakarastofuráðstefnur Ísland hjá SP og NATO hafa vakið nokkra athygli og samkvæmt utanríkisráðuneytinu eru íslenskir ráðamenn meðal helstu talsmanna þess á alþjóðavettvangi að karlar leggi baráttunni fyrir kynjajafnrétti lið. Þá er Jafnréttisskóli HSP gott dæmi um íslenskt frumkvæði á sviði jafnréttismála sem hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu. Óhætt er að segja að utanríkisstefna Ísland feli í sér sterkar

skoðanir á hvað sé æskilegt og engin ástæða er til að ætla annað en að fulltrúar þjóðarinnar hafi trú á þeim viðmiðum og gildum sem barist er fyrir.

Til að viðmið nái verulegri útbreiðslu þarf yfirleitt að eiga sér stað stofnanavæðing þess, það þarf að verða hluti af reglum og starfi alþjóðastofnana. Stofnanavæðing kynjajafnréttis er komin vel á leið og þar hefur Ísland átt aðkomu að málum. Innan SP var starfsemi stofnunarinnar í þágu kynjajafnréttis sameinuð árið 2010 í eina stofnun, UN Women. Ísland studdi við þá sameiningu og lét af hendi sérstök fjárframlög til að koma starfseminni af stað. Þá hefur Ísland komið að stofnanavæðingu ályktunar nr. 1325 innan NATO, m.a. með stuðningi við fulltrúa framkvæmdastjóra bandalagsins um málefni ályktunarinnar og aðkomu að gerð aðgerðaáætlunar um ályktunina. Þá má segja að Jafnréttisskólinn sé einnig hluti af stofnanavæðingu kynjajafnréttis og ef til vill er Rakarastofuvettvangurinn tilraun til þess að stofnanavæða aðkomu karla að jafnréttisbaráttunni.

Hvaða ríki taka upp og berjast fyrir viðmiðum hefur áhrif á árangur viðmiðsins og sum ríki eru mikilvægari en önnur að þessu leyti, ýmist vegna sérstakra tengsla við viðmiðið eða vegna siðferðislegrar stöðu. Íslandi hefur tekist að skapa sér sérstaka tengingu við kynjajafnréttismál. Árangurinn heima fyrir hefur vakið heimsathygli og áhersla landsins á málaflokkinn er vel þekkt meðal annara ríkja. Þessi tenging ætti því að styrkja vinnu Íslands í þágu kynjajafnréttis. Þá eru viðmið ríkja sem almennt eru talin njóta velgengi og vera til fyrirmyndar líklegri til að breiðast út. Aftur hefur Ísland hér forskot vegna góðrar stöðu jafnréttismála heima fyrir.

Hvað jafnréttismálin varðar er ljóst að kynjajafnrétti er ein af grunnstoðum íslenskrar utanríkisstefnu og eitt mest áberandi stafið í máli íslenskra stjórnvalda í alþjóðasamfélaginu, hvort sem það er á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins eða þróunarsamvinnu. Þar byggja Íslendingar á innlendum sigrum á borð við kjör Vigdísar Finnbogadóttur og sjö ára setu á toppi lista Alþjóðaefnahagsráðsins yfir kynjajafnrétti í heiminum. Ísland hefur stutt rækilega við bakið á UN Women og átti þátt í að tryggja kynjasjónarmiðum sterkan sess í nýjum heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun og í loftlagssamningum SP. Þá hefur Ísland verið dyggur talsmaður ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi og komið því í gegn að ályktuninni sé framfylgt innan Atlantshafsbandalagsins ásamt því að beina kastljósinu að hlutverki karla í baráttunni fyrir jöfnum rétti kynjanna.

Starf Íslands í þágu kynjajafnréttis, svo sem innan SP og NATO, er oft í samvinnu við önnur líkt þenkjandi ríki eins og Norðurlöndin, og því er oft erfitt, ef ekki ómögulegt að greina áhrif Íslands frá áhrifum annarra ríkja. Helst er það hægt varðandi ályktun nr. 1325, þar sem Ísland virðist hafa staðið frammar en flest ríki, og aðkomu karla að jafnréttisbaráttunni, en rakarastofuráðstefnurnar sem Ísland hefur nú haldið innan SP og Atlantshafsbandalagsins

marka landinu nokkra sérstöðu. Þá má ekki gleyma Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem starfar hér á landi. Það að skólinn, sem byrjaði sem tilraunaverkefni Utanríkisráðuneytisins og Eddu – öndvegisseturs við Háskóla Íslands, hafi hlotið formlega aðild að Háskóla Sameinuðu þjóðanna árið 2013 er til marks um sterka stöðu landsins á þessu sviði og eflir viðleitni stjórnvalda til að vera leiðandi í alþjóðasamfélaginu.

Þegar kemur að mannréttindamálum hinsegin fólks er stuðningur íslenskra stjórnvalda meira í orði en á borði. Þrátt fyrir að hér á landi sé ein framsæknasta löggjöf í heimi hvað réttindi hinsegin fólks varðar og að Jóhanna Sigurðardóttir hafi verið fyrsti opinberlega samkynhneigði þjóðarleiðtogi heims virðast stjórnvöld ekki nýta sér þennan innlenda styrk til að skapa sérstaka tengingu við málefni hinsegin fólks á alþjóðavettvangi á sama hátt og gert hefur verið í tilfalli kynjajafnréttis. Ráðamenn segja að málaflokkurinn sé mikilvægur og hafa t.d. vakið máls á mannréttindum hinsegin fólks á allsherjarþingi SP. Þá hafa íslensk stjórnvöld stutt alþjóðlegar ályktanir til stuðnings hinsegin fólki og gagnrýnt erlend stjórnvöld sem brjóta á mannréttindum þeirra. Eins og sjá má eru stofnanavettvangarnir til staðar þó stofnanavæðing mannréttinda hinsegin fólks sé ekki komin langt á leið. Aftur á móti er ekki að sjá að íslensk stjórnvöld hafi átt frumkvæði að aðgerðum til stuðnings hinsegin fólki á alþjóðlegum vettvangi. Aðkoma Íslands að málaflöknum er frekar sú að styðja aðgerðir annarra og lýsa yfir áhyggjum af, eða fordæma mannréttindabrot gegn hinsegin fólki þegar slík mál koma upp. Segja má að hér hafi Ísland tækifæri til að gera betur. Vegna mikilla framfara í málefnum hinsegin fólks og góðrar stöðu þeirra lagalega og samfélagslega samanborið við önnur lönd má segja að Ísland sé fyrirmynd í þessum efnum. Eins og áður hefur komið fram eru viðmið ríkja sem talin eru til fyrirmyndar líklegri til að ná árangri. Hins vegar virðast stjórnvöld ekki nýta sér þessa jákvæðu ímynd til að hafa áhrif á stöðu hinsegin fólks á alþjóðlegum vettvangi, ólíkt því sem þau gera í tilfalli kynjajafnréttis þar sem góð staða landsins á því sviði er markvisst notuð til efla kynjajafnrétti alþjóðlega.

Hvað jarðhitamálin varðar hefur Ísland skapað sér nafn á heimsvísu sem frumkvöðull á því sviði. Hingað til lands hefur þó nokkur fjöldi erlendra ráðamanna komið til að kynna sér hvað Íslendingar hafa fram að færa og koma á samstarfi við íslenska aðila um jarðhitanýtingu í heimalandi sínu. Þá hafa íslenskir aðilar, bæði opinberir og úr einkageiranum, komið að jarðhitamálum víðs vegar um heiminn. Frumkvöðlar þurfa stofnanavettvang til að koma fram á og hefur Alþjóðbankinn verið helsti vettvangurinn þar sem íslensk stjórnvöld vinna að jarðhitamálum, en Ísland er helsti samstarfsaðili Alþjóðabankans á sviði jarðhitanýtingar og kemur að stórum verkefnum bankans í Afríku. Þá hefur Ísland komið að stofnun tveggja annara vettvanga sem vinna að aukinni jarðhitanýtingu í heiminum, IRENA og Alþjóðajarðhitabandalagið. Til að viðmið nái útbreiðslu þurfa þau oft að verða hluti af starfi alþjóðastofnana. Þetta hefur gerst á undanförunum árum hjá Alþjóðabankanum og þá hefur

Evrópusambandið sýnt jarðhita aukinn áhuga. Þá má nefna Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi sem dæmi um stofnanavæðingu, en frá árinu 1979 hafa rúmlega 600 jarðhitasérfræðingar frá tæplega 60 löndum útskrifast úr skólanum og eru margir hverjir leiðandi í jarðhitageiranum í sínu heimalandi. Þá var fimmta hver grein sem lögð var fram á heimsþingi Alþjóða jarðhitasambandsins 2015, „ólympíuleikum“ jarðhitans, eftir höfunda sem komið höfðu við sögu í skólanum.

Viðmið þarf yfirleitt að ná til um þriðjungs allra ríkja svo að útbreiðslan nái skriði. Opinberar stofnanir og íslensk fyrirtæki hafa komið að jarðhitaverkefnum í um 40 löndum víðsvegar um heim, í Ameríku, Evrópu, Afríku, Asíu og Eyjaálfu. Einnig hefur Evrópusambandið leitað til íslenskra stjórnvalda vegna reynslu Íslendinga af jarðhitanýtingu og eins og áður segir á Íslandi í samstarfi við Alþjóðabankann um jarðhitanýtingu í fjölmörgum löndum Afríku. Það má því segja að útbreiðsla jarðhitanýtingar sé komin vel á leið og þar hefur Ísland komið við sögu. Viðmið ríkja sem talin eru njóta velgengni eða vera til fyrirmyndar eru líklegri til að skila árangri. Hlutfall jarðhita í íslenska orkukerfinu er það hæsta í heimi og landið er þekkt fyrir árangur sinn á þessu sviði, sbr. áhuga erlendra ríkja á jarðhitabekkingu landsmanna. Þetta er til þess fallið að hjálpa til við útbreiðslu viðmiðsins.

Óhætt er að segja að íslensk stjórnvöld hafi lagt sig fram við að hafa áhrif á sviði jafnréttis- og jarðhitamála á alþjóðavísu eins og kemur fram hér að ofan. Ónýt tækifæri eru hins vegar á sviði mannréttinda hinsegin fólks og fátt stendur í vegi fyrir því að Ísland geti gerst öflugur málsvari þeirra á alþjóðavísu. Margt er líkt með mannréttindamálum hinsegin fólks og kynjajafnrétti og þau lönd sem Ísland á helst í samstarfi við á því sviði styðja yfirleitt mannréttindi hinsegin fólks einnig. Þrátt fyrir að Ísland hafi lagt í mikla vinnu til að efla kynjajafnrétti og nýtingu jarðhita og árangur hafi náðst er erfitt að greina framlag Íslendinga frá aðgerðum annarra ríkja og meta hvort vinna Ísland hafi sérstaklega skilað árangri, og hversu miklum ef svo er. Til að geta svarað því með meiri vissu væri áhugavert að leita svara hjá fulltrúum Íslands á alþjóðavettvangi og ekki síður erlendum kollegum þeirra. Þannig mætti greina áhrif Íslands frá áhrifum annarra ríkja og fá hlutlausara mat á framlagi landsins til alþjóðamála.



## 6 Heimildaskrá

Associated Press í Genf. 2011. „UN issues first resolution condemning discrimination against gay people.“ *The Guardian*. 17. júní. Sótt 24. apríl 2016.

<http://www.theguardian.com/world/2011/jun/17/un-resolution-discrimination-gay-people>

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. 2013a. „Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hitti umhverfissráðherra Japans.“ Fréttatilkynning 30. júlí. Sótt 12. apríl 2016.

<https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/idnadar-og-vidskiptamal/frettir/nr/7715> b

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. 2013b. „Orkumálaráðherrar Íslands og Papua Nýju Gíneu funda.“ 24. október. Sótt 12. apríl 2016.

<https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/idnadar-og-vidskiptamal/frettir/nr/7843>

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. 2015a. „Fundaði með orkumálaráðherra Tyrklands.“ Fréttatilkynning 20. nóvember. Sótt 12. apríl 2016.

<https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/idnadar-og-vidskiptamal/frettir/fundadi-med-orkumalaradherra-tyrklands>

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. 2015b. „Iðnaðar- og viðskiptaráðherra á heimsráðstefnu Alþjóða jarðhitasambandsins í Ástralíu.“ Fréttatilkynning 20. apríl. Sótt 11. apríl 2016. <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/idnadar-og-vidskiptamal/frettir/nr/8582>

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. 2015c. „Mikil tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki í Indónesíu.“ Fréttatilkynning 10. nóvember. Sótt 12. apríl 2016.

<https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/idnadar-og-vidskiptamal/frettir/nr/8793>

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. 2015d. „Ségoène Royal á Reykjanesi í boði iðnaðar- og viðskiptaráðherra.“ Fréttatilkynning 29. júlí. Sótt 12. apríl 2016.

<https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/idnadar-og-vidskiptamal/frettir/nr/8687>

Áslaug Karen Jóhannsdóttir. 2014. „„Stórríki sko, ekki smáríki“ Ímynd, framlag og vægi Íslands í jafnréttismálum á alþjóðavettvangi.“ Meistararitgerð, Háskóli Íslands.

Bertrani, Ruggero. 2015. *Geothermal Power Generation in the World 2010-2014: Update Report*. <https://pangea.stanford.edu/ERE/db/WGC/papers/WGC/2015/01001.pdf>

Eygló Harðardóttir. 2015. „Afmælisfundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York.“ Ræða, New York, mars. Velferðarráðuneytið. Sótt 18. apríl 2016.

<https://www.velferdarraduneyti.is/raedur-og-greinar-EH-radherra/nr/35062>

Forsætisráðuneytið. 2015. „Ísland á meðal 10 þjóða sem leiða IMPACT hóp HeForShe.“ Fréttatilkynning 18. júní. Sótt 25. apríl 2016.

<https://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/island-a-medal-10-thjoda-sem-leida-impact-hop-heforshe>

- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. 2014. „Daily News.“ Fréttatilkynning 19. september. Sótt 25. apríl 2016. [http://europa.eu/rapid/press-release\\_MEX-14-0919\\_en.htm?locale=EN](http://europa.eu/rapid/press-release_MEX-14-0919_en.htm?locale=EN)
- Gunnar Bragi Sveinsson. 2014a. „Gender Equality in Arctic: Current Realities, Future Challenges.“ Ræða, Akureyri, 30. október. Utanríkisráðuneytið. Sótt 14. apríl 2016. <https://www.utanrikisraduneyti.is/media/nordurslodir/Raeda-radherra-a-Gender-Equality-Conference.pdf>
- Gunnar Bragi Sveinsson. 2014b. *Skýrsla Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál*. Reykjavík: Alþingi.
- Gunnar Bragi Sveinsson. 2015a. *Skýrsla Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál*. Reykjavík: Alþingi.
- Gunnar Bragi Sveinsson. 2015b. „STATEMENT by H.E. Mr. Gunnar Bragi Sveinsson Minister for Foreign Affairs and External Trade During the General Debate of the 70th Session of the General Assembly of the United Nations.“ Ræða, New York, 2. október. The Permanent Mission of Iceland to the United Nations. Sótt 14. apríl 2016. [http://gadebate.un.org/sites/default/files/gastatements/70/70\\_IS\\_en.pdf](http://gadebate.un.org/sites/default/files/gastatements/70/70_IS_en.pdf)
- Gunnar Bragi Sveinsson. 2015c. „The Future of Clean Energy.“ Ræða, Hanoi, 5. nóvember. Utanríkisráðuneytið. Sótt 14. apríl 2016. <https://www.utanrikisraduneyti.is/media/gunnar-bragi/Future-of-clean-energy.pdf>
- Gunnar Bragi Sveinsson. 2016. *Skýrsla Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál*. Reykjavík: Alþingi.
- Haraldur Guðmundsson. 2013. „Með jarðvarmaverkefni í 40 löndum.“ *Vísir*. 27. nóvember. Sótt 13. apríl 2016. <http://www.visir.is/med-jardvarmaverkefni-i-40-londum/article/2013131129231>
- Helga Þórólfsdóttir. 2008. *Endurmat á áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi*. <https://www.utanrikisraduneyti.is/media/throunarsamvinna/Endurmat-a-framkvaemdaaetlun-Islands-1325.pdf>
- Hólmfríður Magnúsdóttir. 2015. „Mótsagnakenndar framfarir? Jafnrétti kynjanna í íslenski utanríkisþjónustu.“ Meistararitgerð, Háskóli Íslands.
- Ingebritsen, Christine. 2002. „Norm Entrepreneurs: Scandinavia’s Role in World Politics.“ *Cooperation and Conflict: Journal of the Nordic International Studies Association* 37 (1): 11-23.

- Ingebritsen, Christine. 2006. *Scandinavia in World Politics*. Lanham: Rowman and Littlefield.
- Ingibjörg Ólafsdóttir. 2001. „Staðfest samvist.“ *Samtökin '78*. 10. janúar. Sótt 30 apríl 2016. <http://www.samtokin78.is/greinasafn/samfelag-og-saga/94-stadfest-samvist>
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. 2008. *Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál*. Reykjavík: Alþingi.
- Inter-Parliamentary Union. e.d. „Women in National Parliaments.“ Sótt 25. apríl 2016. <http://www.ipu.org/wmn-e/classif-arc.htm>
- Keohane, Robert O. 2006. „Liliputian's Dilemmas: Small States in International Politics.“ í *Small States in International Relations*. Ritstjórar Christine Ingebritsen, Iver Neumann, Sieglinde Gstöhl og Jessica Beyer. 55-76. Seattle: University of Washington Press.
- MacFarquhar, Neil. 2008. „In a First, Gay Rights Are Pressed at the U.N.“ *New York Times*. 18. desember. Sótt 24. apríl 2016. <http://www.nytimes.com/2008/12/19/world/19nations.html>
- Mbl.is. 1995. „Íslenskar konur í sviðsljósi heimsins.“ *mbl.is*. 24. október. Sótt 24. apríl 2016. [www.mbl.is/greinasafn/grein/228843](http://www.mbl.is/greinasafn/grein/228843)
- Mbl.is. 2010a. „Færeyski lögmaðurinn gagnrýnir Jenis.“ 7. september. Sótt 30. apríl 2016. [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/09/07/faereyski\\_logmadurinn\\_gagnrynir\\_jenis/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/09/07/faereyski_logmadurinn_gagnrynir_jenis/)
- Mbl.is. 2010b. „Neitar að sitja veislu með Jóhönnu.“ 6. september. Sótt 30. apríl 2016. [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/09/06/neitar\\_ad\\_sitja\\_veislu\\_med\\_johonnu/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/09/06/neitar_ad_sitja_veislu_med_johonnu/)
- Moody, Jonas. 2009. „Iceland Picks the World's First Openly Gay PM.“ *Time*. 30. janúar. Sótt 30. apríl 2016. <http://content.time.com/time/world/article/0,8599,1875032,00.html>
- Norden. e.d. „The Nordic Council Environment Prize.“ Sótt 24. apríl 2016. <http://www.norden.org/en/nordic-council/nordic-council-prizes/nordisk-raads-natur-og-miljoepriis/previous-prize-winners-and-nominees>
- Orkustofnun 2014. „Orkuáætlunin RONDINE styrkir fjögur verkefni á sviði vatnsafls og jarðvarma.“ Fréttatilkynning 4. júlí. Sótt 13. apríl 2016. <http://www.orkustofnun.is/orkustofnun/frettir/nr/1583>
- Orkustofnun. 2016. „Orkutölur 2015.“ Sótt 24. apríl 2016. [http://os.is/gogn/os-onnur-rit/orkutolur\\_2015-islenska.pdf](http://os.is/gogn/os-onnur-rit/orkutolur_2015-islenska.pdf)
- Pétur J. Thorsteinsson. 1992. *Utanríkisþjónusta Íslands og utanríkismál: Sögulegt yfirlit*. 3. bindi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ragnheiður Elín Árnadóttir. 2013. „Ræða við útskrift úr Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.“ Ræða, 11. október. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Sótt 15. apríl 2016. <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar-REA/nr/7860>

- Ragnheiður Elín Árnadóttir. 2014. „Ræða iðnaðar- og viðskiptaráðherra á „Geothermal Roundtable.““ Ræða, Brussel, 19. september. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Sótt 15. apríl 2016. <https://www.atvinnuegaraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar-REA/nr/8356>
- Ragnheiður Elín Árnadóttir. 2015a. „Ávarp á ársfundi Orkustofnunar.“ Ræða, 10. apríl. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Sótt 15. apríl 2016. <https://www.atvinnuegaraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar-REA/nr/8575>
- Ragnheiður Elín Árnadóttir. 2015b. „Ræða iðnaðar- og viðskiptaráðherra á heimsráðstefnu Alþjóða jarðhitasambandsins í Ástralíu,“ Ræða, 24. apríl. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Sótt 15. apríl 2016. <https://www.atvinnuegaraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar-REA/nr/8587>
- Ragnheiður Elín Árnadóttir. 2015c. „Graduation ceremony of the UNU Geothermal Training Program.“ Ræða, 23. október. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Sótt 15. apríl 2016. <https://www.atvinnuegaraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar-REA/nr/8790>
- Rajagopalan, Megha. 2013. „Gay Chinese see hope in visit by Icelandic PM and wife.“ *Reuters*. 17. apríl. Sótt 30. apríl 2016. <http://uk.reuters.com/article/uk-china-iceland-gays-idUKBRE93G06220130417>
- RARIK. 2013. „Umfangsmikið jarðvarmaverkefni í Tyrklandi.“ Fréttatilkynning 23. október. Sótt 13. apríl 2016. <https://www.rarik.is/frettir/frettir/umfangsmikid-jardvarmaverkefni-i-tyrklandi>
- Raymond Li. 2013. „Gay wife of Iceland’s prime minister visits Beijing university.“ *South China Morning Post*. 18. apríl. Sótt 30. apríl 2016. <http://www.scmp.com/news/china/article/1216964/gay-wife-icelands-prime-minister-visits-beijing-university>
- RÚV. 2014. „Um 90 þúsund manns í Gleðigöngu.“ *RÚV*. 9. ágúst. Sótt 24. apríl 2016. <http://www.ruv.is/frett/um-90-thusund-manns-i-gledigongu>
- Samtökin 78. E.d. „Áfangur í réttindabaráttunni.“ Síðast uppfært 17. apríl 2016. Sótt 30. apríl 2016. <http://www.samtokin78.is/greinasafn/afangar-i-rettindabarattunni>
- Schwab, Klaus; R. Samans; S. Zahidi; Y. Bekhouche; P.P. Ugarte; V. Ratcheva; R. Hausmann og L. D. Tyson. 2015. *The Global Gender Gap Report 2015*. Genf: World Economic Forum.
- Seager, Joni. 2012. *External evaluation of the 2009 – 2012 pilot project of the Gender equality studies and training programme*. <https://www.utanrikisraduneyti.is/media/throunarsamvinna/felagasamtok/final-GEST-report.pdf>

- Silja Bára Ómarsdóttir. 2010. „Áhrif feminisma á utanríkisstefnu Íslands 1999-2009.“ *Stjórnmal og stjórnsýsla* 6 (1): 73-94.
- Skrifstofa forseta Íslands. 2013. „Fundur forseta og Ma Kai. Víðtæk samvinna við Kína. Fjölmeðg fordæmi um alþjóðlegan árangur“ Fréttatilkynning 27. október. Sótt 13. apríl 2016. [http://www.forseti.is/media/PDF/2013\\_10\\_27\\_MaKai.pdf](http://www.forseti.is/media/PDF/2013_10_27_MaKai.pdf)
- Svandís Svavarsdóttir. 2012. „Ræða umhverfisráðherra á allsherjafundi Ríó+20 ráðstefnunnar.“ Rio de Janeiro. 22. júní. Umhverfisráðuneytið. Sótt 30. apríl 2016. <https://www.umhverfisraduneyti.is/radherra/raeturoggreinarss/nr/2180>
- Thorhallsson, Baldur. 2006. „The Size of States in the European Union: Theoretical and Conceptual Perspectives.“ *Journal of European Integration*. 28 (1): 7-31.
- Thorhallsson, Baldur. 2009. „Can Small States Choose Their Own Size? The Case of a Nordic State- Iceland.“ í *The Diplomacies of Small States: Between Vulnerability and Resilience*. Ritstjórar Andrew F. Cooper og Timothy M. Shaw, 119-142. Basingstoke: Palgrave Macmillan
- Thorhallsson, Baldur. 2012. „Small States in the UN Security Council: Means of Influence?“ *The Hague Journal of Diplomacy* 7 (2012): 135-160.
- Tryggvi Páll Tryggvason. 2015. „Mesta jafnréttið á Íslandi sjöunda árið í röð.“ *Vísir*. 20. nóvember. Sótt 24. apríl 2016. <http://www.visir.is/mesta-jafnrettid-a-islandi-sjounda-arid-i-rod/article/2015151129940>
- Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópu. 2015. „Öflugt starf Háskóla SP á Íslandi.“ Fréttatilkynning 30. október. Sótt 13. apríl 2016. <http://www.unric.org/is/frettir/26594-oeflugt-starf-haskola-st-a-islandi>
- Utanríkisráðuneytið. 2009. *Skýrsla um framboð Íslands og kosningabaráttu til sætis í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna 2009–2010*. Reykjavík: Utanríkisráðuneytið.
- Utanríkisráðuneytið. 2012. „Átak til jarðhitanýtingar; stærsta þróunarsamvinnuverkefni sem Ísland hefur tekið þátt í.“ Fréttatilkynning 9. nóvember. Sótt 14. apríl 2016. <https://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/7404>
- Utanríkisráðuneytið. 2013. „Alþjóðlegi jafnréttisskólinn (GEST) verður hluti af neti Háskóla SP á Íslandi.“ Fréttatilkynning 13. maí. Sótt 24. apríl 2016. <https://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/7684>
- Utanríkisráðuneytið. 2013b. „Utanríkisráðherra tekur á móti Ban Ki-moon.“ Fréttatilkynning 2. júlí. Sótt 14. apríl 2016. <https://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/7730>

- Utanríkisráðuneytið. 2014a. „Ráðherra ítrekar stuðning við samkynhneigða í Úganda.“  
Fréttatilkynning 12. apríl. Sótt 24. apríl 2016.  
<https://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/8054>
- Utanríkisráðuneytið. 2014b. „Utanríkisráðherra ávarpar alþjóðlegan fund um jarðhitanýtingu í  
þróunarríkjum haldinn á Íslandi.“ Fréttatilkynning 26. maí. Sótt 14. apríl 2016.  
<https://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/8093>
- Utanríkisráðuneytið. 2015. „Utanríkisráðherra ræðir orkumál í Kænugarði.“ Fréttatilkynning  
28. apríl. Sótt 14. apríl 2016. <https://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/8414>
- Utanríkisráðuneytið. 2016a. „Fjöldmenn rakarastofuráðstefna í Genf.“ Fréttatilkynning 9. mars.  
Sótt 24. apríl 2016. <https://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/fjoldmenn-rakarastofuradstefna-i-genf>
- Utanríkisráðuneytið. 2016b. „Rakarastofa í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins.“  
Fréttatilkynning 8. mars. Sótt 24. apríl 2016.  
<https://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/jafnrettisradstefna-i-hofudstodvum-atlantshafsbandalagsins>
- Valur Grettisson. 2010. „Jenis ætti að skammast sín.“ *vísir.is*. 7. september. Sótt 30. apríl  
2016. <http://www.visir.is/jenis-aetti-ad-skammast-sin/article/2010242748259>
- Valur Gunnarsson. 2009. „Iceland to elect world's first openly gay PM.“ *The Guardian*. 30.  
janúar. Sót 30. apríl 2016. <http://www.theguardian.com/world/2009/jan/30/iceland-elects-gay-prime-minister>
- Velferðarráðuneytið. 2013a. „Alþjóðleg verðlaun fyrir árangur Íslands á sviði kynjajafnréttis.“  
Fréttatilkynning 29. nóvember. Sótt 24. apríl 2016.  
<https://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/34310>
- Velferðarráðuneytið. 2013b. *Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun  
jafnréttismála árið 2013*.  
[https://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit\\_2013/Jafnrettisskyrsla\\_2013.pdf](https://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit_2013/Jafnrettisskyrsla_2013.pdf)
- Velferðarráðuneytið. 2015. *Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun  
jafnréttismála 2013-2015*. [https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2015/Jafnrettiskyrsla\\_nov\\_2015.pdf](https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2015/Jafnrettiskyrsla_nov_2015.pdf)
- Women in Parliaments. 2014. „WIP Award for Lifetime Achievements in Female Political  
Empowerment.“ Sótt 24. apríl 2016. <http://www.womeninparliaments.org/wip-awards/2014-2/>
- Þorvaldur Kristinsson. 2000. „Að hasla sér völl.“ *Samtökin 78*. 1. júní. Sótt 30. apríl 2016.  
<http://www.samtokin78.is/greinasafn/samfelag-og-saga/76-ad-hasla-ser-voll>

- Össur Skarphéðinsson. 2010. *Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál*. Reykjavík: Alþingi.
- Össur Skarphéðinsson. 2011. *Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál*. Reykjavík: Alþingi.
- Össur Skarphéðinsson. 2012a. „Mannréttindi samkynhneigðra og utanríkisstefnan.“ *visir.is*. 2. maí. Sótt 24. apríl 2016. <http://www.visir.is/mannrettindi-samkynhneigdra-og-utanrikisstefnan/article/2012705029957>
- Össur Skarphéðinsson. 2012b. *Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál*. Reykjavík: Alþingi.
- Össur Skarphéðinsson. 2013. *Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál*. Reykjavík: Alþingi.